



BSc í viðskiptafræði

Viðskiptadeild

Sparnaðarleiðir á Íslandi, þekking einstaklinga
og ástæður fyrir sparnaði

Sparnaðarhegðun og fjárhagslega velgengni einstaklinga.

Maí, 2023

Nafn nemanda: Dominika Ewa Ostaszewska

Kennitala: 130600-2710

Nafn nemanda: Ksenia Zadorozhnya

Kennitala: 031000-3940

Leiðbeinandi: Heiðrún Ingrid Hlíðberg

Yfirlýsing um heilindi í rannsóknarvinnu

Verkefni þetta hefur hingað til ekki verið lagt inn til samþykkis til prófgráðu, hvorki héraendis né erlendis. Verkefnið er afrakstur rannsókna undirritaðra, nema þar sem annað kemur fram og þar vísað til skv. heimildaskráningarstaðli með stöðluðum tilvísunum og heimildaskrá.

Með undirskrift okkar staðfestum við og samþykkjum að við höfum lesið siðareglur og reglur Háskólans í Reykjavík um verkefnavinnu og skiljum þær afleiðingar sem brot þessara reglna hafa í för með sér hvað varðar verkefni þetta.

Dagsetning Kennitala

Undirskrift

12.05.2023 130600-2710

D. Ostaszewska

Dagsetning Kennitala

Undirskrift

12.05.2023 031000-3940



Útdráttur

Sparnaður skiptir okkur miklu máli og getur hann veitt einstaklingum aukið fjárhagslegt öryggi. Umræðan um mikilvægi sparnaðar hefur alltaf verið til í samfélaginu okkar, en þrátt fyrir það að sýnt hefur verið fram á það að fjármálalæsi einstaklinga er afar ábótavant. Sparnaðarleiðir eru fjölbreyttar hér á landi og því hafa einstaklingar úr mörgu að velja. Fjölbreytni fylgir þó mikið af hugtökum sem ekki allir hafa skilning og þekkingu á. Höfundum ritgerðar fannst því mikilvægt að skoða hver raunveruleg staða á Íslandi er hvað varðar þekkingu einstaklinga á hugtökum tengdum fjármálum og hver sparnaðarhegðun þeirra er. Við framkvæmd rannsóknarinnar var notast við megindelega rannsóknaraðferð. Megindeleg rannsókn var í formi spurningakönnunar sem var birt á samfélagsmiðlum rannsakennda, þátttakendur spurningakönnunarinnar voru 330 talsins. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar sýna að þekking einstaklinga á Íslandi á sparnaðarleiðum sem standa til boða er almennt góð en aldur einstaklinga hefur áhrif á þá þekkingu. Einnig kom í ljós að jákvætt fylgni er á milli fjármálalæsis og fjárhagslegrar velgengni einstaklinga. Síðast en ekki síst gefa niðurstöður rannsóknarinnar til kynna að bæði aldur og menntunarstig hafa áhrif á helstu ástæður fyrir sparnaði einstaklinga.

Lykilorð: sparnaður, sparnaðarhegðun, fjárhagslega velgengni, fjármálalæsi, sparnaðarleiðir, fjármál

Formáli

Ritgerð þessi er 12 ECTS eininga lokaverkefni til BSc gráðu í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Verkefnið var skrifað á vorönn 2023. Höfundar rannsóknarinnar eru Dominika Ewa Ostaszewska og Ksenia Zadorozhnyia. Ritgerðin fjallar um sparnaðarleiðir á Íslandi, þekkingu einstaklinga á Íslandi á þeim leiðum og helstu ástæður fyrir sparnaði einstaklinga. Leiðbeinandi ritgerðarinnar er Heiðrún Ingrid Hlíðberg. Við viljum þakka Heiðrúnu fyrir framúrskarandi leiðsögn, góðar ábendingar og stuðning við rannsókn og ritgerðarskrif.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
2. Sparnaður og sparnaðarleiðir	2
2.1 Skilgreining á sparnaði	2
2.2 Kenningar um sparnað	3
2.3 Sparnaðarleiðir	6
2.3.1 Bundnir og óbundnir reikningar.....	6
2.3.1.1 Sparnaðarleið 1 á Íslandi.....	8
2.3.2 Séreignarsparnaður	8
2.3.2.1 Sparnaðarleið 2 á Íslandi.....	9
2.3.3 Aðrar sparnaðarleiðir	10
2.4 Samspil efnahagskerfis á Íslandi og sparnað einstaklinga	12
2.5 Samantekt.....	14
3. Ástæður fyrir sparnaði	15
4. Aðferð	16
4.1 Þátttakendur	16
4.2 Mælitæki	18
4.3 Framkvæmd	19
4.4 Tölfræðileg greining	20
5. Niðurstöður	21
5.1 Þekkingin á sparnaðarleiðum á Íslandi	21
5.2 Sparnaðarhegðun Íslendinga.....	26
5.3 Áhrif fjármálalæsis á fjárhagslega velgengni	28
5.4 Helstu ástæður fyrir sparnaði.....	33
6. Umræða.....	36
6.1 Takmarkanir	42
6.2 Áframhaldandi rannsóknir	43
7. Lokaorð	43

Heimildaskrá.....	45
Viðaukar.....	55
Viðauki A: Spurningalisti netkönnunar	55
Viðauki B: Niðurstöður SPSS.....	60

Myndayfirlit

Mynd 1 Life-Cycle Theory of Savings - graf.....	5
Mynd 2 Hversu góð eða slæm telur þú að þekking þín á sparnaðarmöguleikum á Íslandi sé?	21
Mynd 3 Hversu mikla eða litla þekkingu hefur þú á hugtakinu „sparnaður“?.....	22
Mynd 4 Þekkir þú muninn á bundnum og óbundnum reikningnum?	22
Mynd 5 Þekkir þú muninn á verðtryggðum og óverðtryggðum reikningum?	23
Mynd 6 Þekkir þú til viðbótarlífeyrissparnaðar?.....	23
Mynd 7 Greiðir þú í viðbótarlífeyrissparnað?.....	24
Mynd 8 Þekkir þú til sjóða sem sparnaðarleið?	24
Mynd 9 Spara þú reglulega?.....	26
Mynd 10 Hversu stóran eða lítinn hluta af tekjunum þínum leggur þú í sparnað mánaðarlega að meðaltali?	27
Mynd 11 Hverjar eru samanlagðar tekjur heimilisins, fyrir skatt í íslenskum krónum? og Hversu há eru launin þín á mánuði á meðaltali fyrir skatt í íslenskum krónum?	28
Mynd 12 Þegar það kemur að mánaðarlegum tekjunum þínum, telur þú þig ná endum saman í lok mánaðarins?	28
Mynd 13 Þegar þú ferð að versla í matinn upplifir þú áhyggjur þegar það kemur að því að borga fyrir þessar vörur?.....	29
Mynd 14 Getur þú leyft þér að fara út að borða allavega einu sinni í viku, án þess að spá í því hvort þú lendir í fjárhagslegum erfiðleikum vegna þess?	30
Mynd 15 Upplifir þú fjárhagslegt öryggi í þínu lífi?	30
Mynd 16 Hefur upplifun þín af fjárhagslegu öryggi þínu breyst síðastliðin 12 mánuði?.....	31
Mynd 17 Tenging fjármálalæsis og fjárhagslega velgengni.	32
Mynd 18 Hverjar eru helstu ástæður fyrir því að þú sparar?	34
Mynd 19 Hverjar eru helstu ástæður fyrir því að þú sparar? - Miðað við aldur	35
Mynd 20 Hverjar eru helstu ástæður fyrir því að þú sparar? - Miðað við menntunarstig.....	36

Töfluyfirlit

Tafla 1 Hlutfall þátttakenda eftir kyni.....	16
Tafla 2 Hlutfall þátttakenda eftir aldri.....	17
Tafla 3 Hlutfall þátttakenda eftir menntun.....	17

1. Inngangur

Peningar geta haft mikil áhrif á okkur og lífið okkar. Allir þurfa að standa undir ýmsum föstum útgjaldaliðum í hverjum mánuði sem flokkast myndi undir fyrirsjáanlegan kostnað, en komið getur fyrir að standa þarf frammi fyrir óvæntum kostnaði. Í þeim aðstæðum er gott að eiga varasjóð sem einstaklingar geta grípið í. Það að eiga varasjóð er afleiðing sparnaðar, eða með öðrum orðum að leggja fé til hliðar. Hægt er að spara með ýmsum hætti og af ýmsum ástæðum, og er það mjög einstaklingsbundið. Settar hafa verið fram ýmsar kenningar til að útskýra hvernig sparnaður virkar og hvaða hugmyndir liggja að baki svo sem ævitekjukenningin sem verður fjallað um síðar (Friedman, 1937).

Á Íslandi er boðið upp á margar gerðir sparnaðarreikninga og aðrar leiðir til þess að spara eins og til dæmis sá möguleika að borga hluta launa sína í viðbótarlífeyrissparnað. Einstaklingar hafa úr mörgu að velja, en til að nefna nokkur dæmi er hægt að velja milli bundna og óbundna reikninga, fasta eða breytilega vexti, verðtryggða og óverðtryggða reikninga og svo framvegis. Því kemur ekki á óvart að auðvelt er að ruglast á öllum þessum hugtökum. Einnig hefur komið fram í rannsóknum á síðustu árum að fjármálalæsi einstaklinga er afar ábótavant víðsvegar um heiminn (Garg og Singh, 2018). Í annarri rannsókn kom í ljós að jákvæð fylgni er á milli fjármálalæsis og fjárhagslega velgengni (Tahir o.fl., 2021). Allt bendir til þess að sparnaður og meðvitaðar ákvarðanir um eigin fjármál skipta miklu máli. Fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt fram á það að persónulegur sparnaður hefur jákvæð áhrif á hagkerfið í landinu (Ribaj og Mexhuani, 2021). Þegar horft er á sparnað frá öðru sjónarhorni út frá þessum upplýsingum er hægt að sjá að sparnaður þjónar ekki eingöngu tilgangi með tilliti til fjárhagslegs öryggis og/eða velgengni einstaklinga, en hann hefur einnig jákvæð áhrif á allt landið þegar til lengri tíma er litið.

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna þekkingu einstaklinga á Íslandi á þeim sparnaðarleiðum sem standa til boða og sparnaðarhegðun þeirra almennt. Í þessu rannsóknarverkefni munu rannsakendur skoða nánar þær ýmsu sparnaðarleiðir sem eru í boði og þær sérstaklega kynntar. Reynt verður að setja fjármálalæsi í samhengi við fjárhagslega velgengni einstaklinga og kanna hvort fylgni sé þar á milli. Enn fremur mun ritgerðin kanna hvort vísbendingar séu um að aldur og menntun hafa áhrif á sparnaðarhætti einstaklinga. Rannsóknarspurningar, sem leitast verður við að svara í þessari ritgerð, eru eftirfarandi:

Rannsóknarspurning 1: *Hvaða áhrif hefur aldur og menntun á þekkingu einstaklinga á sparnaðarleiðum á Íslandi?*

Rannsóknarspurning 2: *Hvaða áhrif hefur fjármálalæsi þegar horft er til fjárhagslega velgengni einstaklinga?*

Rannsóknarspurning 3: *Hverjar eru ástæður fyrir sparnaði Íslendinga, og eru þessar ástæður breytilegar eftir aldri og menntun þeirra?*

Uppsetning rannsóknarverkefnisins er þannig háttað að fimm meginkaflar eru settir fram. Fyrst verður veitt fræðileg umfjöllun en þar verður meðal annars fjallað um skilgreiningu á sparnaði, helstu kenningar um sparnað verða kynntar, farið verður dýpra í umfjöllun á þeim ýmsum sparnaðarleiðum sem standa til boða og mikilvægi sparnaðar einstaklinga fyrir efnahagskerfi landsins verður rætt frekar. Í framhaldi af því verða helstu ástæður og hvatar fyrir sparnaði kynntar. Næst munu rannsakendur skýra aðferðafræðina sem notast var við og hvernig úrvinnsla gagna fór fram. Í framhaldi munu niðurstöður netkönnunarinnar verða kynntar og rannsóknarspurningum verkefnisins svarað. Að lokum munu rannsakendur koma með sitt mat á viðfangsefninu og reyna setja niðurstöður rannsóknarinnar í stærra samhengi í umræðu kaflanum.

2. Sparnaður og sparnaðarleiðir

2.1 Skilgreining á sparnaði

Til að hefja umræðu um sparnað og sparnaðarleiðir ber að skilgreina hugtakið sparnaður, en sparnaður eru þeir fjármunir sem standa eftir eða lagðir eru til hliðar eftir að einstaklingur hefur ráðstafað útgjöldum sínum (Britannica Academic, 2009). Mikilvægt er að taka fram að í þessari umfjöllun muni orðið sparnaður vísa til einkasparnaðar. Mark Gersovitz (1988) skilgreinir sparnað sem förn á núverandi neyslu, sem leiðir til uppsöfnunar fjármagns og því möguleika á því að nota það fé til neyslu í framtíðinni. Fjárhæðir eru lagðar til hliðar með það í huga að einstaklingar geta nýtt sér þann varasjóð í framtíðinni ef ástæður krefjast þess. Hversu mikið hver og einn leggur til hliðar ræðst af persónulegum ástæðum, en þær geta verið fjölmargar. Sem dæmi má nefna, þá óvissu sem tengist framtíðartekjum, að eiga varasjóð fyrir óvæntum útgjöldum, safna fyrir framtíðinni/elliárin, og fleira (Lee og Hanna, 2015). Þjóðhagslegur sparnaður er ítarleg hagfræðileg skilgreining á því hvernig sparnaður verður til. Þjóðhagslegur sparnaður, einnig kallað heildarsparnaður þjóðarbúsins, eru þær heildartekjur í hagkerfinu sem verða eftir þegar búið er að draga frá útgjöld vegna neyslu í samfélaginu, hér er átt við

neysluútgjöld bæði einkaaðila og hins opinbera (Jetzek Hansdóttir, 1998; Mankiw og Taylor, 2017). Þjóðhagslegum sparnaði er lýst sem:

$$S = GNI - C - G = I + X - M + PI = I + CA$$

þar sem $GNI = Y + PI$ eru vergar þjóðartekjur, Y er verg landsframleiðsla og PI eru frumþáttatekjur. C er einkaneysla, G er samneysla, I er fjárfesting, X er útflutningur, M er innflutningur, og $CA = X - M + PI$ er viðskiptajöfnuður (Seðlabanki Íslands, 2017)

Eins og má sjá í formúlunni hér að ofan myndast vergur þjóðhagslegur sparnaður þegar einkaneysla og samneysla eru dregin frá vergum þjóðartekjum eða þegar lagðar eru saman heildarfjárfestingar og viðskiptajöfnuður (Jetzek Hansdóttir, 1998). Þjóðhagslegum sparnaði er almennt skipt í einkasparnað og sparnað hins opinbera. Sparnaður einkaaðila er sú fjárhæð sem stendur eftir þegar skattar og neysluútgjöld hafa verið greidd (Mankiw og Taylor, 2017). Þegar á sparnað hins opinbera er litið er það þær skatttekjur að frádregnum útgjöldum sem hinn opinberi hefur til umráða (Mankiw og Taylor, 2017). Þegar skatttekjur hins opinbera eru hærrí en útgjöld myndast viðskiptaafgangur, en viðskiptaafgangur leiðir til aukins þjóðhagslegs sparnaðar sem skiptir þjóðina miklu máli þegar standa þarf frammi fyrir óvæntum áföllum í efnahagskerfinu (Seðlabanki Íslands, 2017; Mankiw og Taylor, 2017). Sparnað er hægt að skilgreina á marga vegu og með ýmsum áhersluatriðum. Þá er vert að skoða hvaða aðstæður hvetja einstaklinga til að leggja fé til hliðar, en einnig með hvað hætti það er gert.

Fjölmargar ástæður geta legið að bakið ákvörðunar um sparnað, allt frá því að tryggja fjárhagslegt öryggi á óvissutímum að því að fjárfesta í framtíðarfasteign (Lee og Hanna, 2015). Þó að ástæður og markmið geta verið mörg, eru leiðir til sparnaðar ljósar og hér að neðan verður fjallað um þær helstu sparnaðarleiðir sem standa einstaklingum til boða. Einstaklingar haga sínum fjármálum á ýmsa vegu, meðal annars með því að leggja frá pening mánaðarlega eða vikulega, sumir kjósa að gera það oftar en aðrir sjaldnar. Sparnaður getur verið af ýmsum toga, allt frá því að geyma pening inn á heimilinu og allt að fjárfestingum til skamms- og/eða langs tíma í hlutabréfum eða eignum (Dhawan og Mehta, 2019). Þá er rétt að nefna að fjárfestingar í hlutabréfum teljast til áhættufjárfestinga og því ekki hefðbundin sparnaðarleið, en um þær fjárfestingarleiðir verður fjallað nánar í síðari kafla.

2.2 Kenningar um sparnað


Vert er að skoða helstu kenningar sem fjalla um sparnaðarhegðun og neyslu einstaklinga. Fjallað verður um þrjár mikilvægar kenningar þar sem hver og ein þeirra varpar ljósi á venjur, hegðun og viðhorf einstaklinga þegar að ráðstöfun tekna og sparnaðarhegðun þeirra kemur.

Samkvæmt frambúðartekjukenningu (e. Permanent-income hypothesis) eru útgjöld einstaklinga í samræmi við væntanlegar langtímameðaltekjur hvers og eins (Friedman, 1957). Þegar talað er um langtímameðaltekjur einstaklings er átt við þær tekjur sem einstaklingur fær reglulega (t.d. einu sinni í mánuði) og búast má við þeim tekjum til lengri tíma. Einstaklingur er öruggur um að fá fastar tekjur til lengri tíma þegar hann hefur ráðningarsamning sem gildir í 1 ár og búast má við framlengingu samnings eftir þann tíma. Við þessar aðstæður býr einstaklingur yfir einhverskonar fjárhagslegu öryggi og því verða útgjöld hans í samræmi við þær væntanlegu langtímatekjur. Segjum svo að einstaklingur afli sér auka tekna í tilteknum mánuði og hefur því meira fé til ráðstöfunar á þessum ákveðna tímapunkti en vanalega. Samkvæmt Friedman mun hegðun einstaklingsins þó ekki breytast þar sem hvert og eitt okkar gerir sér grein fyrir því að þetta var eingöngu eingreiðsla og því hefur það ekki áhrif á langtímameðaltekjurnar. Aftur á móti í tilviki þar sem um launahækkun er að ræða mun hegðunin breytast og nú verða bæði útgjöldin og sparnaður hlutfallslega hærri í samræmi við launahækkunina. Ofangreindu dæmin sýna hvernig kenningin skiptir tekjunum í tvennt, annars vegar í varanlegar tekjur, en hins vegar í tímabundnar tekjur. Þannig er hægt að greina mun á tekjuaukningu og ákveða hvort sú aukning er til styttri tíma eða varanleg. Þegar um aukningu tekna til styttri tíma er að ræða er einstaklingur líklegri til að leggja fé til hliðar, og vera því undirbúinn fyrir óvænta fjárhagslega örðugleika í framtíðinni (Friedman, 1957). Þegar varanleg tekjuaukning á sér stað er því haldið fram að einstaklingur breytir útgjaldamynstrinu sínu.

Samkvæmt ævitekjukenningunni (e. The life-cycle theory of savings) leitast einstaklingar eftir því að viðhalda neyslustigi sínu nokkurn veginn á sama stigi allan sinn lífsferil. Það gerir fólk með því að skuldsetja sig eða selja eignir í þeirra eigu snemma og seint á ævinni þegar tekjur þeirra eru lágar. Sparað er á þeim æviskeiðum sem tekjur einstaklings eru hæstar, og því gefst svigrúm til þess að leggja fé til hliðar (Friedman, 1937). Þessari kenningu fylgir ákveðið mynstur (sjá mynd 1). Til að byrja með eru einstaklingar staðsettir lágt á tekjukúrfunni en það er í upphafi fullorðinsára, að menntun lokinni taka við hærri tekjur og nær þá einstaklingur hámarki tekjukúrfunnar. Þegar komið er á eftirlaunaaldur fara tekjur aftur minnkandi. Með því að lána fé þegar tekjur eru lágar og spara þegar þær eru í hámarki helst neyslumynstur einstaklinga á svipuðum stað alla ævi. Modigliani, höfundur kenningarinnar, lagði mikla áherslu á það að ein mikilvægasta ástæðan fyrir því að peningar eru lagðir til hliðar á yngri árum er geta og nauðsyn til þess að sjá fyrir starfslokum. Ungt fólk leggur því mikla áherslu á sparnað þannig að þegar komið er á þann aldur að geta ekki unnið lengur, eða þegar þau vilja það ekki lengur, þá hafa einstaklingar nægar ráðstöfunartekjur (Deaton, 2005).

Mynd 1

Life-Cycle Theory of Savings - graf



Skýring: Gögn úr bókinni „Life Cycle, Individual Thrift, and the Wealth of Nations“ (Modigliani, 1986).

Dusenberry (1949) setti fram hlutfallstekjukeninguna (e. Relative income hypothesis) sem byggir á því að ánægja einstaklings er háð hlutfalli neyslu hans af vegnu meðaltali neyslu annarra í samfélaginu. Samkvæmt kenningunni fer ánægja sem einstaklingur fær af ákveðnu neyslustigi ekki eftir heildarstærð þess heldur fari það eftir hlutfallslegri stærð þess í samfélaginu. Með öðrum orðum, ánægja hvers einstaklings fer eftir bæði hans eigin tekjum en einnig tekjum hans í samanburði við aðra í hans samfélagsþrepi (Dusenberry, 1949). Þessi hugmynd er byggð á fullyrðingu sem títt hefur heyrst frá ýmist sálfræðingum og félagsfræðingum, að einstaklingar leggja mikla áherslu á það hver staða þeirra er í samfélaginu. Vert er að nefna að neyslustigið sem einstaklingur bjó yfir á fyrri tíma hefur einnig áhrif á núverandi neyslu hans, auk núverandi tekna og hlutfallslegra tekna. Þegar fjölskylda hefur náð ákveðnu neyslustigi getur það myndað einhvers konar áskorun fyrir þau að lækka neyslustigið sitt aftur. Dusenberry dró þá ályktun að tilhneiging einstaklingsins til að spara fer vaxandi eftir því sem einstaklingur er staðsettur hærra í tekjudreifingunni (Ackley, 1951). Til að skýra kenninguna enn betur er hægt að taka stutt dæmi: Þegar einstaklingur fær launahækkun fylgir ánægja einstaklings með launahækkun því hve há hún er í samanburði við samstarfsfélaga, fremur en hve há hún er í krónutölu (e. absolute value). Einstaklingurinn myndi því kjósa lægri

launahækkun fram yfir það að fá hærri launahækkun sem nemur sömu upphæð og hjá samstarfsfélögum.

2.3 Sparnaðarleiðir

Sparnaðarleiðir eru margar og ólíkar og því er mikilvægt fyrir einstaklinga að velja sparnaðarleið sem höfðar til þarfa einstaklingsins og fjármála hans. Þarfir einstaklinga eru sem dæmi, sá tími sem peningurinn er læstur inn á reikningi, aðgengi reikningsins og vextir. Það eru margar sparnaðarleiðir sem standa til boða en ein þekktasta leiðin eru bundnir og óbundnir sparnaðarreikningar sem flestar fjármálastofnanir bjóða upp á. Þá er einnig val milli verðtryggðra eða óverðtryggðra reikninga. Eins og með allt annað eru bæði kostir og gallar við bundna og óbundna reikninga eins og með verðtryggða og óverðtryggða reikninga. Þegar kemur að ákvörðun ber að taka inn í myndina hvort einstaklingur hefur vilja og getu til að binda pening í ákveðinn tíma og í stað þess fengið hærri vexti eða hvort það eina í stöðunni er að hafa peninginn inn á óbundnum reikningi („Bankareikningar - Hvaða reikningur hentar þér?“, e.d.).

Viðbótariðgjald í lífeyrissjóð sem er betur þekkt sem séreignasparnaður einstaklinga er önnur sparnaðarleið sem gefur fólki kost á að fá 2% launahækkun (Gunnar Baldvinsson, e.d.). Í kafla 2.3.2.1 um sparnaðarleið 2 á Íslandi verður viðbótarlífeyrissparnaði sem launahækkun launþega skýrður nánar.

2.3.1 Bundnir og óbundnir reikningar

Eins og nefnt var hér að ofan þá skiptast flestir sparnaðarreikningar fjármálastofnana í bundna og óbundna reikninga. Bundinn reikningur virkar á þann hátt að í upphafi er ákveðinn svokallaður binditími, en það er sá tími sem ekki hægt er að millifæra af reikningum þeirri upphæð sem upphaflega var lögð þar inn (Mundargi o.fl., 2023). Binditími getur verið mislangur en það fer eftir hverjum og einum hvað hentar best í ákveðnu tilviki. Bundinn reikningur byggir á grundvelli lausnarskilyrða sem felur í sér að aðili sammingsins losnar undan efndum þegar ákveðin skilyrði sammingsins eru uppfyllt (Þorgeir Örlygsson o.fl., 2009), í tilviki bundna reikninga er skilyrði uppfyllt þegar umsaminn tími er liðinn. Bundinn reikningur opnast þegar tíminn sem samið var um lýkur (Eiríkur Guðnason, 1989). Önnur gerð reikninga sem einstaklingar geta valið um eru óbundnir reikningar. Óbundinn reikningur er einhverskonar andstæða við bundinn reikning en þá er hægt að millifæra af reikningnum hvenær sem er. Í samhengi bundna og óbundna reikninga er einnig mikilvægt að skýra mun á nafnvöxtum og raunvöxtum. Nafnvextir eru upphaflegir vextir áður en tekið er tillit til verðbólgu (Kenton, 2021). Þeir vextir sem getið er um í samningum og birtast á lánnum eða

sparnaðarreikningum kallast því nafnvextir. Raunvextir eru aftur á móti vextir þegar búið er að taka tillit til verðbólgu. Raunvextir er sú tala sem fæst þegar verðbólga hefur verið dregin frá nafnvöxtum (Seðlabanki Íslands, e.d.-a). Flestir reikningar hjá fjármálastofnunum eru óverðtryggðir og það veitir þeim leyfi til að vera með hærri nafnvexti. Mikilvægt er þó að nefna að þótt að nafnvextir, þ.e. upphaflegir vextir, á óverðtryggðum reikningum séu hærri en á verðtryggðum reikningum er ekki víst að raunvextir verði einnig hærri. Það hvort raunvextir á óverðtryggðum reikningum verði hærri en á verðtryggðum fer eftir því hver verðbólga er á hverju tímabili. Verðbólga er líklega eitt þekktasta hugtak í hagfræði, mikilvægt er að gera grein fyrir því að verðbólga hefur haft langvarandi neikvæð efnahagsáhrif í mörgum löndum. Verðbólga er hækkun á verði á vöru og þjónustu í samfélaginu og er vísað í þegar almennt verðlag í samfélaginu hækkar, verðgildi peninga lækkar og í kjölfarið lækkar kaupmáttur. Almennt litið þýðir há verðbólga að framfærslukostnaður í viðkomandi landi hafi hækkað á ákveðnu tímabili, langoftast miðað er við eitt ár (Oner, 2010). Framfærslukostnaður er sá kostnaður sem einstaklingar eyða í grunnþarfir sínar, dæmi um þær þarfir væri húsnæðiskostnaður eða fæðiskostnaður (Banton, 2021). Vert er að nefna að verðbólga er mæld með tilliti til meðalverðs vöru og þjónustu á markaði, en ekki verði á einstökum vörum eða tiltekinni þjónustu („Verðbólga“, e.d.).

Algengur tímarammi fyrir bundna óverðtryggða reikninga eru 3, 6, 12 og 24 mánuðir, en þótt að reikningur sé bundinn er áfram hægt að leggja inn á þann reikning, til eru þó bundnir reikningar sem leyfa aðeins eina innborgun. Muna þarf að binditími miðast við þann dag sem upphæðin var lögð inn á reikninginn, sem þýðir að sá hluti sparnaðar sem lagður var síðast inn verður bundinn lengur en upphaflega fjárhæðin. Þannig að hægt er að leggja inn á bundinn reikning en eins og nefnt var hér að ofan þá er ekki hægt að millifæra út af honum. Því lengri sem binditími reiknings er, þeim mun hærri eru vextir almennt hjá flestum fjármálastofnunum. Þegar peningar eru lagðir inn á bundinn reikning verða frestskilyrði virk en frestskilyrði er tegund loforðs sem felur í sér að réttaráhrifin verða ekki virk fyrir en skilyrði þess eru uppfyllt (Þorgeir Örlygsson o.fl., 2009). Því um leið og skilyrði eru uppfyllt, sem í þessu tilfelli er binditími, geta einstaklingar nálgast upphæðina samkvæmt umsömdu loforði (Chen, 2022a). Ef um óbundinn reikning er að ræða er hægt að leggja inn á þann reikning og taka út af honum eins og einstaklingum sýnist en vextir á slíkum reikningum eru eðli máls samkvæmt lægri („Bankareikningar - Hvaða reikningur hentar þér?“, e.d.).

Fjármálastofnanir veita fjölbreytta þjónustu til að koma til móts við sína viðskiptavini og því hættir ekki valið um sparnaðarreikninga á bundnum og óbundnum reikningum. Einnig er hægt að stofna reikning sem er að hluta til bundinn. Þá er átt við 30 daga frest til útborgunar

við úttekt og enginn tímarammi fyrir utan það, einstaklingar geta lagt inn hvenær sem er og hægt er að ávaxta peninginn ótímabundið, það þarf aðeins að huga að því að úttekt af þessum reikningi tekur 30 daga („Samanburður á Bankareikningum“, e.d.). Framtíðarreikningur er góður kostur fyrir fólk undir 18 ára aldri sem vill byrja að spara sem fyrst. Framtíðarreikningur er bundinn verðtryggður reikningur sem opnast um leið og eigandi þess reiknings verður 18 ára. Hægt er að leggja inn á þennan reikning eins oft og einstaklingur vill en ekki er hægt að gera úttekt á þessari fjárhæð fyrir en lausnarskilyrðið er uppfyllt („Bankareikningar – Hvaða reikningur hentar þér?“, e.d.).

2.3.1.1 Sparnaðarleið 1 á Íslandi

Flestar fjármálastofnanir á Íslandi bjóða upp á fjölbreytta reikninga svo sem veltureikninga og fjölda sparnaðarreikninga með mismunandi eiginleika (Lánamál ríkisins, e.d.). Óbundnir reikningar teljast vera áhættuminnsti kostur sem stendur til boða, þar sem peningurinn er laus og einstaklingar geta nýtt sér peninginn þegar þeim hentar. Má líta svo á slíkt sem áhættuminni kostur til að tryggja að fjármálin missa ekki verðmæti ef gert er ráð fyrir verðbólgu í náinni framtíð („Áhætta fjármálagerninga“, e.d.). Áhætta eykst þegar litið er á bundna reikninga sem standa einstaklingum til boða hjá fjármálastofnunum, þeir reikningar bera yfirleitt hærri vexti en eru flestir óverðtryggðir („Bankareikningar - Hvaða reikningur hentar þér?“, e.d.). Ástæðan fyrir aukinni áhættu á slíkum reikningum er sú að verðbólgan í landinu getur haft neikvæð áhrif á peninginn sem er inn á þeim reikningum og leiðir til þess að verðgildi peninga minnkar við opnun reiknings. Hins vegar bera verðtryggðir bundnir reikningar minni áhættu þar sem með verðtryggingu er tryggt að verðbólgan er reiknuð inn í raunvexti fyrir viðkomandi reikninga, þar af leiðandi er verðgildi peninga tryggt á meðan reikningurinn er bundinn („Meginvextir SÍ“, e.d.).

2.3.2 Séreignarsparnaður

Séreignarsparnaður eða viðbótarlífeyrir er leið launþega til að tryggja 2% launahækkun ásamt sparnaði fyrir elliárin eða afborgun á fyrstu fasteignakaupum einstaklinga. Fjármálastofnanir, svo sem bankar og lífeyrissjóðir, bjóða upp á að stofna séreignarsparnað fyrir einstaklinga sem er viðbótarlífeyrissjóður sem ber með sér vexti sem eru breytilegir eftir fjármálastofnunum („Séreignarsparnaður er launahækkun“, e.d.). Hægt er að líta á séreignarsparnað sem launahækkun sem er óháð umsömdum launum þar sem vinnuveitandanum ber að greiða mótframlag ef viðkomandi ákveður að greiða í séreignarsparnað. Launþegi getur valið hvort hann vill greiða 2% eða 4% í séreignarsparnað en þá ber launagreiðanda að greiða 2%

skyldumótframlag. Skyldumótframlag launagreiðanda er í sjálfu sér launahækkun upp á 2% og sparnaður á sama tíma. Þessi upphæð er lögð inn á bundinn reikning í formi séreignarsjóðs í gegnum lífeyrissjóð sem launþegi velur, slíkur sjóður ber einnig með sér vexti (Gunnar Baldvinsson, e.d.). Einstaklingur hefur þó ekki aðgang að séreignarsparnaði almennt en getur þó sótt um að nýta sér það við fyrstu kaup og/eða til að auka ráðstöfunartekjur eftir 60 ára aldur.

Viðbótarlífeyrissparnaður er tiltölulega ný leið fyrir einstaklinga til að nýta sér ákveðna upphæð fyrir afborgun á fyrstu íbúð, en slíkt er heimilt á grundvelli laga nr. 111 frá 2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð („Leiðbeiningar um rafræn skil - Fyrsta íbúð - Kafli 6“, e.d.). Þessi sparnaðarleið leyfir einstaklingum að komast hjá afborgun á fyrstu eign hraðar og njóta þeirra fríðinda að þessi séreignarsparnaður er skattfrjáls („Nýting séreignarsparnaðar“, e.d.). Þetta úrræði leyfir fólki að öðlast enn frekari möguleika á kaupum á fyrstu fasteign („Stuðningur við íbúðakaup“, e.d.).

2.3.2.1 Sparnaðarleið 2 á Íslandi

Þegar að lífeyrissjóði og séreignarsjóði kemur eru margir valkostir hér á landi. Í dag á Íslandi eru 24 starfandi lífeyrissjóðir, aðgengi að þeim er mismikið, sumir þeirra eru opnir öllum en aðrir eingöngu ákveðnum atvinnugreinum að fullu eða að hluta til (Lífeyrismál, 2023). Ekki allir þeirra bjóða þó upp á stofnun á séreignarsjóði. Tæplega helmingur starfandi lífeyrissjóða hér á landi býður upp á stofnun á séreignarsjóði, en í boði eru mismunandi ávöxtunarleiðir í séreignarsjóðum. Hjá flestum séreignarsjóðum er boðið upp á mismunandi leiðir og hver leið einkennist af því að bera með sér mis mikla áhættu (Gildi lífeyrissjóður, 2022; Frjálsi lífeyrissjóðurinn, e.d.; Landsbankinn, 2023). Hver einstaklingur velur sparnaðarleið eftir því hversu mikla áhættu hann er tilbúinn að taka á sig. Í sumum séreignarsjóðum er boðið upp á leið sem fylgir aldurs skeiðum einstaklings, en þá færast sparnaður sjálfkrafa á milli ávöxtunarleiða eftir aldri. Því lengra sem liðið er á lífsleiðina því minni áhættu bera sparnaðarleiðirnar þar sem einstaklingar nálgast það að taka út lífeyri og þola því minni áhættu. Einnig er boðið upp á leiðir sem fjárfesta eingöngu í erlendum verðbréfum eða ríkisskuldabréfum, en einnig leiðir sem eru að fullu verðtryggðar eða óverðtryggðar (Landsbankinn, 2023; Íslandsbanki, e.d.).

Eins og nefnt var hér að ofan er hægt að nýta sér viðbótarlífeyrissparnað í afborgun á fyrstu íbúð. Í október 2016 samþykkti Alþingi lög um stuðning til kaupa á fyrstu eign en þau lög tóku gildi 1. júlí 2017, tilgangur þessara laga er til að hvetja einstaklinga til húsnæðissparnaðar og að aðstoða einstaklinga við kaup á fyrstu eign. Vert er að nefna að þetta

úrræði, sem veitt er með lögum nr. 111/2016, gildir í tíu ár samfelld og er séreignasparnaður sem nýttur er til greiðslu á afborgun á höfuðstól á fyrstu eign eða afborgun við kaup á fyrstu eign skattfrjáls ráðstöfun og því enn meiri sparnaður. Í lögum nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu eign er kveðið á um þrjár leiðir til að nýta séreignasparnaðinn (viðbótariðgjald) og eru þær leiðir eftirfarandi: fyrsta leiðin er heimild til úttektar á uppsöfnuðu viðbótariðgjaldi til að kaupa fyrstu eign, önnur leið er til að ráðstafa uppsöfnuðu viðbótariðgjaldi inn á höfuðstól lánsins en það er tryggt með veði í fyrstu eign en sú ráðstöfun er samfelld tímabil yfir tíu ár, og þriðja og síðast leiðin er heimild til að ráðstafa viðbótariðgjaldi inn á óverðtryggt lán sem afborgun og greiðsla inn á höfuðstól lánsins en það er einnig tryggt með veði í fyrstu eign. Einnig ber að nefna að sá aðili sem nýtir þetta úrræði eigi að minnsta kosti að vera réttihafi 30% hluta í íbúðarhúsnæði. Samtals greiðslur einstaklings inn á viðbótariðgjald á tíu árum geta orðið að hámarki 5 milljónir króna og 10 milljónir króna ef um þar er að ræða. Mikilvægt er þó að hafa í huga að hámarks innborganir einstaklinga á hverju almanaksári eru fimm hundruð þúsund krónur, í flestum tilfellum er gjaldið 4% frá launþega og 2% frá launagreiðanda, þó er vert að taka fram að undantekningar frá þessu hefðbundna gjaldi eru til staðar svo sem í kjarasamningum SSF (Samtök Starfsmanna Fjármálafyrirtækja, e.d.). Úrræði séreignarsparnaður er í grunninn markmið stjórnvalda til að lækka skuldir almennings hvað varðar fasteignalán eða kaup á fasteignum og því er ráðstöfun séreignarsparnaðar skattfrjáls („Stuðningur við íbúðakaup“, e.d.). Gripið var einnig til þeirra úrræða á meðan Covid-19 faraldurinn stóð yfir að heimila úttekt á séreignarsparnaði. Ástæða þess var að mæta efnahagslegum áhrifum Covid-19 heimsfaraldursins. Breyting var gerð á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr.129 (1997), en þar kom fram að heimilt væri að sækja um útgreiðslu á viðbótarlífeyrissparnaði á tímabilinu 1. apríl 2020 til 1. janúar 2021. Hámarksupphæð til útborgunar á 15 mánaða tímabili var 12.000.000 kr., en eftir því sem útborguð upphæð væri lægri stýttist útgreiðslutími hlutfallslega. Covid-19 faraldurinn og áhrif hans hafa varað lengur en búist var við og því var ákveðið að endurnýja heimildina árið 2021. Með þessari endurnýjun á úrræðinu var heimilt að taka út viðbótarlífeyrissparnað til eigin nota út árið 2021 (Fjármála- og efnahagsráðuneytið, 2021).

2.3.3 Aðrar sparnaðarleiðir

Þegar kemur að fjárfestingum í hlutabréfum og sjóðum geta málin reynst flókin og óskiljanleg. Fjármálastofnanir bjóða upp á margskonar sjóði þar sem einstaklingar geta greitt mánaðarlega með lágmarksfjárhæð og öðlast þar af leiðandi vaxandi hlut í sjóðum. Sjóðir gefa fólki möguleika á hærri ávöxtun en sparnaðarreikningar sem nefndir voru hér að ofan, aftur á móti

er áhættan mun meiri en við sparnað í hefðbundnum sjóðum og breytist mikið eftir því á hverskonar sjóði er litið. Því verður hér í stuttu máli farið yfir það hvernig þess konar fjárfesting virkar og út á hvað þetta gengur.

Áður en haldið er í frekari umræðu um sjóði ber að skýra nánar hugtakið áhætta þar sem einstaklingar sem ákveða að velja sjóði sem sparnaðarleið standa frammi fyrir henni. Í fjárhagslegu tilliti er áhætta skilgreind sem líkur á því að raunveruleg útkoma fjárfestingar verður frábrugðin væntingum sem einstaklingurinn hafði (Chen, 2022b). Einnig felur áhætta í sér þann möguleika á að tapa allri upprunalegri upphæð sem fjárfest var eða hluta hennar. Afstaða til áhættu er mismunandi milli einstaklinga, fjárfestar hafa mismikla getu og vilja til þess að taka áhættu (Klement, 2015). Mikilvægt er að ákveða afstöðu hvers og eins gagnvart áhættu áður en ákvörðun um fjárfestingu í ákveðinn sjóð er tekin. Vilji til að taka á sig áhættu kallast áhættufælni, en einstaklingar búa yfir ólíkri áhættufælni. Algengast er að einstaklingar eru annað hvort áhættufælnir eða áhættusæknir, það lýsir sér þannig að áhættufælinn einstaklingur hefur miklar áhyggjur af því að verðmæti fjárfestingar lækki og því kýs lægri ávöxtun með lægri áhættu frekar en að taka hærri áhættu. Aftur á móti áhættusækinn einstaklingur hefur mikla löngun til að fá sem hæsta ávöxtun og er tilbúinn að þola miklar sveiflur í virði fjárfestingar, þ.e. taka á sig mikla áhættu (Barone, 2020). Áhættuhlutlaus einstaklingur er þriðja gerð afstöðu einstaklinga til áhættu, en hún lýsir sér þannig að einstaklingurinn einbeittir sér eingöngu að hugsanlegum ávinningi þess að fjárfesta óháð áhættu sem getur fylgt fjárfestingunni (Muendler, 2008). Ein leið til þess að draga úr áhættu í fjárfestingum er að notast við áhættudreifingu (e. diversification), en það gengur út á það að dreifa sparnaði á mismunandi eignartegundir og fjárfestingarleiðir. Með því að dreifa sparnaði á mismunandi eignartegundir eða atvinnugreinar eru fjárfestar ólíklegri til þess að verða fyrir áhrifum óstöðugleika á markaði sem hafa sömu áhrif á allar fjárfestingar í safninu. Fjölbreytni er hægt að ná með því að til dæmis fjárfesta í mismunandi löndum, atvinnugreinum eða stærðum fyrirtækja (Segal, 2022). Vert er einnig að nefna að rannsóknir hafa sýnt fram á það að áhættuþol einstaklings eykst með aldri hans (Fang o.fl., 2021).

Sjóðsstýringarfyrirtæki, sem eru í sumum tilfellum dótturfélög banka, bjóða upp á áskriftir í sjóði fyrir þeirra viðskiptavini en þá er átt við verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði (Barros og Garcia, 2006). Áskriftir ganga út á það að greiða ákveðna upphæð mánaðarlega sem gerir það að verkum að sú fjárhæð er fjárfest í valinn sjóð. Þessi fjárfestingarleið ber ekki vexti heldur er eingöngu rætt um fjárfestingu, þó ber að taka fram að fjárfesting í sjóði er áhættuminni en fjárfesting í hlutabréfum vegna áhættudreifingu sem sjóðir fela í sér sem rætt er um hér að ofan („Áhætta fjármálagerninga“, e.d.). Með því að fjárfesta í sjóði eignumst við hlutdeild í

sjóðnum, allir fjárfestar sem hafa fjárfest í ákveðnum sjóði eiga rétt til tekna og eigna hans í hlutfalli við hlutdeild sína (Íslandssjóðir, 2022). Í kjölfar þess að setja sparnað sinn í sjóði geta fjárfestar fengið ávöxtun (eða ekki, en það veltur á því hvernig gengi sjóða breytist). Ávöxtun sjóða er sveiflukennnd, og því getur gengið verið hærra eða lægra en fjárhæðin sem upphaflega fjárfest var fyrir (Arionbanki, e.d.). Sjóðir sem almennt standa til boða eru lausafjár sjóðir, skuldabréfasjóðir, hlutabréfasjóðir, blandaðir sjóðir og kauphallarsjóðir. Lausafjár sjóðir byggjast á innlánnum, víxlum og stuttum skuldabréfum, þessir sjóðir eru yfirleitt með litla vaxtaáhættu. Skuldabréfasjóðir á hinn bóginn eru fyrir þá sem hafa áhuga á að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða skuldabréfum sveitarfélaga og fyrirtækja. Hlutabréfasjóðir eru hentugir þeim sem hafa áhuga á fjárfestingu í innlendum og erlendum hlutabréfum. Blandaðir sjóðir bera með sér blandað safn af verðbréfum, innlánnum og öðrum sjóðum. Síðast en ekki síst koma til álita kauphallarsjóðir en þeir sjóðir eru með stýringu sem er hlutlaus og endurspeglar vísitölu tiltekins sjóðs, slík fjárfesting fer í gegnum kauphöllina. Allar nauðsynlegar upplýsingar varðandi slíka fjárfestingu er hægt að finna í útboðslýsingu, upplýsingarblaði og lykilupplýsingum hvers sjóðs (Teitur Páll Reynisson, 2021).

2.4 Samspil efnahagskerfis á Íslandi og sparnað einstaklinga

Sparnaður einstaklinga hefur áhrif á efnahagskerfi í landinu. Flestir einstaklingar velta eingöngu fjárhagslegu öryggi sínu fyrir sér þegar þau spara og gera sér ekki grein fyrir því að sparnaður þeirra hefur áhrif á allt efnahagskerfið landsins (Elmarraji, 2022). Sá sparnaður er skilgreindur sem sú upphæð sem verður eftir þegar neysluútgjöld eru dregin frá tekjum. Sparnaður einstaklinga er summa sparnaðar bæði heimilanna og einkafyrirtækja („Private Saving“, 1999). Í þessum kafla mun orðið „sparnaður“ vísa til sparnaðar einstaklinga eins og það er skilgreint hér að ofan, nema annað sé tekið fram í textanum.

Margir þættir geta haft áhrif á það hversu mikið einstaklingar leggja í sparnað á ákveðnu tímabili. Sem dæmi um þætti sem hafa áhrif á sparnað má nefna: vextir, tekjur, væntingar til framtíðar, ýmsir lýðfræðilegir þættir eða verðbólga (Pettinger, 2021). Lengi væri hægt að tala um alla þá þætti sem hér eru taldir upp, þess vegna verður hér einblínt á þeim væntingum sem einstaklingar gera til framtíðar. Væntingar til framtíðar geta verið af ýmis konar, en þær væntingar sem geta valdið sem mestum áhrifum eru oftar en ekki þegar vænta má tímabil mikillar efnahagslegrar óvissu. Sem dæmi um tímabil efnahagslegrar óvissu er hægt að nefna þau tímabil þegar búast má við efnahagslægdinni eða efnahagsáfalli. Stór atburður sem hefur átt sér stað tiltölulega nýlega og sem flestir eru líklegir til þess að þekkja sem lýsir mikilli óvissu er Covid-19 heimsfaraldurinn.

Upphafið á heimsfaraldrinum Covid-19 má rekja til borgarinnar Wuhan í Kína í desember 2019 (Archived: WHO Timeline – COVID-19, 2020). Heimsfaraldurinn hafði í för með sér mikil áhrif á efnahagskerfið víðs vegar um heiminn. Í kjölfari útbreiðslu heimsfaraldursins settu stjórnvöld ýmsar takmarkanir til þess að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu, meðal annars voru settar reglur um nálægðarmörk, fjöldatakmarkanir og grímunotkun. Nálægðarmörk og fjöldatakmarkanir leiddu til þess að fjöldi fyrirtækja og vinnustaða þurfti að hætta starfsemi sinni í ákveðinn tíma eða komu í veg fyrir hefðbundnu starfsemi þeirra. Þar sem faraldurinn stækkað með meiri hraða en upphaflega búist var við og vegna aukinnar óvissu um það hversu slæmt ástandið gæti orðið, fóru einstaklingar að spara meira en áður (Ozili og Arun, 2023). Önnur ástæða fyrir því að einstaklingar fóru að spara meira en fyrir heimsfaraldurinn var það að allir voru að einhverju leyti neyddir til þess. Vegna takmarkanna sem sett voru á þurfti fjöldi veitingastaða, kráa og skemmtistaða að loka tímabundið eða starfa með miklum takmörkunum. Ferðalög til útlanda voru einnig flóknari en áður þar sem takmarkanir vegna útbreiðslu á heimsfaraldrinum hafi tekið gildi víðs vegar um heiminn og því lítill tilgangur í því að ferðast. Einnig voru allir sem komu til landsins, á tímabilinu, skyldugir til þess að sitja sóttkví við komuna til landsins sem margir vildu sleppa við („Viðbrögð á Íslandi – til 2022“, 2022). Allt leiddi þetta til mikillar uppsöfnunar á sparnaði heimilanna í þróðu löndunum, langt umfram það sem áður hefur sést. Í kjölfar þessa upplýsinga vaknaði sú spurning hvort heimilin færu að eyða þessum uppsöfnuðu fjármunum þegar faraldrinum lyki eða hvort ótti um áframhaldandi óvissu myndi koma í veg fyrir það að heimilin myndu eyða þeim pening (Attinasi o.fl., 2021). Í tilvikum þar sem heimilin færu að eyða uppsöfnuðum sparnaði og með því lækka tímabundið sparnaðarhlutfallið sitt niður fyrir það sem tíðkaðist fyrir heimsfaraldurinn myndi hagvöxtur og hugsanleg verðbólga verða fyrir talsverði aukningu. Það munstur hefur sést áður eftir alvarleg efnahagsáföll, að heimilin fóru að spara hlutfallslegra minna eftir efnahagsáfallið en fyrir það (McGregor o.fl., 2022). Mynstrið sem hér talað er um, að heimilin eyði miklu og spari minna eftir alvarleg efnahagsáföll, getur að einhverju leyti útskýrt núverandi stöðu á íslenskum markaði. Í lok apríl 2023 var verðbólga á Íslandi 9,9% en hér á landi hefur verðbólga á jafn háu stigi ekki sést síðan í lok árs 2009 þegar Ísland var að ná sér eftir efnahagshrunið árið 2008 (Seðlabanki Íslands, e.d.-b). Mikilvægt er þó að nefna að stríðið milli Rússlands og Úkraínu hefur einnig haft töluverð áhrif á efnahagskerfin í mörgum löndum, og þar að leiðandi verðbólguna. Aðal ástæða fyrir því er sú að Rússland sér um töluverðan útflutning á orku, bæði gasi og olíu, en einnig útflutning á ýmsum hrávörum („Dregur úr hagvexti og verðbólga eykst“, 2022).

Hægt er að draga þá ályktun að sparnaður einstaklinga hefur töluverðan áhrif á efnahagskerfi í landinu. Áhrifin af sparnaði einstaklinga geta bæði verið jákvæð og neikvæð. Aukinn sparnaður knýr hagvöxt sem vanalega horft er á sem jákvæð afleiðing sparnaðar en of miklum uppsöfnuðum sparnaði fylgir oft meiri neysla og því hækkandi verðbólga sem flest lönd vilja forðast. Hækkandi verðbólgu fylgir lækkun á kaupmætti peninga og hækkandi framfærslukostnaður, eins og rætt var um ofar í ritgerðinni.

2.5 Samantekt

Sparnaður er mikilvægur þáttur fyrir efnahagskerfi landsins, fjármálastofnanir á Íslandi eru margar og ólíkar og bjóða upp á fjölbreytta þjónustu og vörur fyrir sína núverandi og framtíðar viðskiptavinum („Samanburður á Bankareikningum“, e.d.). Má koma með þau rök að sparnaður byrjar með þekkingu einstaklinga á sínum fjármálum og þeim sparnaðarleiðum sem þeim standa til boða. Vextir og önnur hlunnindi eru dæmi um það sem getur fylgt sparnaði (Lánamál ríkisins, e.d.).

Mögulegar sparnaðarleiðir, sem standa einstaklingum til boða, voru meðal annars nefndar í þessum kafla, en þá má minnst á bundna og óbundna reikninga og muninn á þeim ásamt kjörum og möguleikum („Bankareikningar - Hvaða reikningur hentar þér?“, e.d.). Einnig var komið inn á viðbótarlífeyri eða séreignasparnaðinn sem sparnaðarleið en þá er átt við 2% eða 4% framlag launþega og 2% mótframlag launagreiðanda. Þessi sparnaðarleið gefur einnig möguleika á að ráðstafa þeim sparnaði að vissu marki skattfrjálst í kaup á fyrstu eign eða að nýta sem viðbót á lífeyrissjóðsgreiðslum fyrir elliárin (Gunnar Baldvinsson, e.d.). Síðan var fjallað um aðrar sparnaðarleiðir sem standa einstaklingum á Íslandi til boða en þá var skoðað fjárfesting í sjóði sem sjóðsstýringarfyrirtæki bjóða upp á fyrir einstaklinga og lögaðila á Íslandi. Vert er þó að rifja upp að fjárfesting í sjóðum er ekki beinlínis sparnaðarleið heldur fjárfesting og ber þar af leiðandi í för með sér meiriháttar áhættu (Teitur Páll Reynisson, 2021). Gera þarf grein fyrir mikilvægi sparnaðar fyrir efnahagslega velgengni landsins, greiðslugeta fólks í landinu eykst við fjárhagslegt öryggi sem myndast í kjölfar sparnaðar (Webley og Nyhus, 2013). Sparnaður leyfir fólki að neyta meiri vara og aukna þjónustu í landinu, koma sér á húsnæðismarkað, vinna að bættu hagkerfi og þróa efnahagskerfi landsins (Ribaj og Mexhuani, 2021).

3. Ástæður fyrir sparnaði

Sparnaður er mjög mikilvægur á heimilum þar sem það hefur áhrif á gæði lífsins hjá viðkomandi heimili, getu þeirra til að mæta óvæntum útgjöldum og stuðla að sínum fjárhagslegu markmiðum (Fisher og Anong, 2013). Sparnaður einstaklinga og heimila getur verið af ólíkum ástæðum frá því að tryggja fjárhagslegt öryggi gagnvart óvissu í framtíðinni og allt að því að geta mætt óvæntum útgjöldum svo sem viðgerðarkostnaði vegna bíls, læknskostnaði eða annara útgjalda sem ekki er hægt að komast hjá. Án sparnaðar eru einstaklingar ekki jafn tryggðir fyrir uppákomum sem þarfnast fjárhags. Til eru margar leiðir sem einstaklingur getur valið um til þess að spara, til dæmis með því að stjórna sínum útgjöldum og reyna komast hjá því að of miklu sé eytt (Sood, 2015).

Ein af aðalástæðum fyrir sparnaði einstaklinga er til að geta keypt fasteign (Fisher og Anong, 2013). Almenn er erfitt fyrir margar fjölskyldur að ná endum saman þegar kemur að húsnæðiskostnaði á Íslandi og þyngri staða er hjá þeim sem eru á leigumarkaðinum og því er markmið margra að komast af leigumarkaðnum og fjárfesta í eigin húsnæði (Hagstofa Íslands, 2022). Einstaklingar huga einnig að sparnaði til þess að tryggja fjárhagseignir við starfslok og öryggi fyrir elliárin, en til þess eru sérstakar leiðir svo sem greiðsla í lífeyrissjóði, fjárfesting og viðbótarlífeyrir. Lífslíkur eru hærri núna vegna tæknibreytinga og framfara í heilbrigðiskerfinu og því lifa einstaklingar lengur að meðaltali heldur en áður. Eldri borgarar þurfa því meiri fjárhag en áður til að tryggja efnahagslegar velgengni á elliárum (Sood, 2015). Dauðsföll ungbarna hafa einnig minnkað mikið milli ára en sú tala fer einnig eftir löndum en á Íslandi er ungbarnadauði minnstur í Evrópu. Trygging framtíðar barna er ein af ástæðum fyrir sparnaði einstaklinga, þótt að menntakerfi á Íslandi tilheyrir að mestum hluta til hins opinbera og því njóta einstaklingar opinbers stuðnings, þó eru einhverjir skólar sem eru einkareknir og því eru skólagjöldin yfirleitt hærri hjá þeim stofnunum (Menntamálaráðuneytið, 2002). Menntun er mjög mikilvægur þáttur í þroska barna og í uppbyggingu persónuleika þeirra og skoðana, menntun aðstoðar og undirbýr börn til að geta verið virkir einstaklingar í samfélaginu (Adler, 2015). Því er ein af sparnaðarástæðum, sparnaður í þeim tilgangi að tryggja menntun fyrir börnin sín. Önnur ástæða fyrir sparnaði einstaklinga er til að geta ferðast og nýtt orlofsréttinn sinn (Sood, 2015). Þessi ástæða sparnaðar snýst meira um hamingju og andlegt heilbrigði manna í samfélaginu, það hefur verið sannað að ef einstaklingar taka frí frá vinnu og eyða tíma með sínum nánustu eykur það andlegt heilbrigði og kemur í veg fyrir kulnun. Frí og ferðir geta einnig haft jákvæð áhrif á tengsl einstaklinga, bætt samskipti og aukið samvinnu meðal fjölskyldna og vina ásamt því að styrkja vinasambönd og stækka tengslanet einstaklinga almennt (Hartig o.fl., 2013). Hægt er að skoða sparnað innflytjanda samanborið við þá sem

fæddust í tilteknu landi, en innflytjendur kunna að safna meira til að tryggja framtíð sína vegna þeirrar óvissu sem þau hafa upplifað áður (Kim og Woo, 2022)

4. Aðferð

Þessi rannsókn er unnin með meginlegri aðferðafræði. Aðferðafræðin byggir á tölulegum upplýsingum og gerir rannsakanda kleift að safna saman tölfræðilegum upplýsingum sem hægt er að nota til að finna samband og mun á milli mismunandi þátta eða breyta í þýði rannsóknarinnar með notkun úrtaks (Ragnheiður Harpa Arnardóttir, 2021).

4.1 Þátttakendur

Þátttakendur voru valdir með hentugleikaúrtaki sem leyfir rannsakanda að ná til fjölda þátttakenda á stuttum tíma (Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson, 2022). Heildarfjöldi þátttakenda var 330. Bakgrunnsbreyturnar sem voru notaðar voru aldur, kyn og menntun. 68,7% þátttakenda voru konur, 30,7% voru karlar og 0,6% voru kynsegin eða annað. Stærsti aldurshópurinn var 26,7% eða 46-60 ára og næststærsti hópurinn var 19-25 ára eða 26,4%. Flestir eða 33,3% hafa lokið grunnnámi úr háskóla og næststærsti hópurinn hefur lokið meistaraþrófi úr háskóla eða 27%.

Tafla 1
Hlutfall þátttakenda eftir kyni

Kyn	Fjöldi þátttakenda	%
Kona	224	68,7%
Karl	100	30,7%
Kynsegin	1	0,3%
Annað	1	0,3%
	326	100%

Tafla 2*Hlutfall þátttakenda eftir aldri*

Aldur	Fjöldi þátttakenda	%
Undir 18 ára	1	0,3%
19-25 ára	87	26,4%
26-35 ára	63	19,1%
36-45 ára	46	14%
46-60 ára	88	26,7%
61-75 ára	36	10,9%
Eldri en 75 ára	8	2,4%
	329	100%

Tafla 3*Hlutfall þátttakenda eftir menntun*

Hæsta prófgráða sem viðkomandi hefur lokið	Fjöldi þátttakenda	%
Grunnskólapróf eða sambærilegt	28	8,5%
Stúdentspróf eða sambærilegt	85	25,8%
Grunnnám úr háskóla (t.d. BSc-, BA-eða BEd)	110	33,3%
Meistarapróf úr háskóla (t.d. MSc-, MA-eða MEd)	89	27%
Doktorspróf (PHd)	3	0,9%
Annað nám	15	4,5%
Á ekki við	0	0%
	330	100%

4.2 Mælitæki

Mælitæki í rannsókninni, sem unnið var með, var spurningalisti. Spurningalistinn var auglýstur á samfélagsmiðlunum Facebook, Snapchat og Instagram hjá báðum rannsakendum, en einnig á Facebook hópinn „spurningakannanir“. Einnig hafa vinir og ættingjar rannsakenda birt könnunina á samfélagsmiðlum sínum til að nálgast enn fleiri þátttakendur. Spurningalistar eru góð leið til þess að safna fjölbreyttum upplýsingum á skömmum tíma. Spurningalistinn var hannaður með nokkur markmið í huga. Í fyrsta lagi að kanna hvort aldur og menntun hefur áhrif á þekkingu einstaklinga á Íslandi á sparnaðarleiðum og hvort ástæður fyrir sparnaði eru breytilegar milli einstaklinga. Í öðru lagi var markmiðið að kanna hvort fjármálalæsi hefur áhrif á fjárhagslega velgengni einstaklinga.

Fyrsti hluti könnunarinnar eða átta spurningar innihéldu krossaspurningar um þekkingu einstaklinga á sparnaðarleiðum. Næst fengu þátttakendur spurningu um mánaðarlegar tekjur þeirra og í framhaldi voru spurðar tvær spurningar sem sneru beint að sparnaðarháttum einstaklinga. Þriðji hluti könnunarinnar var samsettur af fimm spurningum sem ætlað var að varpa ljósi á fjárhagslega velgengni einstaklinga. Í framhaldi komu spurningar um búsetu einstaklinga. Næst síðasti hlutinn innihélt eina spurningu um helstu ástæður sparnaðar hjá þátttakendum. Í lokin fengu þátttakendur þrjár bakgrunnsspurningar um menntun, kyn og aldur. Flestar spurningarnar voru á raðkvarðaformi en þá eru svarmöguleikarnir á tiltekinni vídd en ekki er hægt að gefa valkostunum algilt tölugildi og því er erfitt að mæla muninn á milli gilda (Þorlákur Karlsson, 2015). Dæmi um valkosti væri: Alltaf, fremur oft, í meðallagi, fremur sjaldan, aldrei. Nokkrar spurningar voru á nafnkvarða þar sem valmöguleikarnir hafa ekki töluleg gildi heldur þjóna eingöngu sem einhverskonar merkimiðar til þess að setja svarendur í hópa. Dæmi um breytu sem er mæld á nafnkvarða er kyn. Svarmöguleikarnir í þeirri spurningu væru: Karl, kona, kynsegin og annað. Tvær spurningar voru á hlutfallskvarða en það er kvarði þar sem jafn langt er á milli raungilda kvarðans og núll er lægsta gildi kvarðans. Dæmi um spurningu með hlutfallskvarða væri spurning um laun einstaklinga (Amalía Björnsdóttir og Berglind Gísladóttir, 2021).

Fyrst voru þátttakendur spurðir hversu góða eða slæma þau telja þekkingu þeirra vera um sparnaðarmöguleika á Íslandi, svarmöguleikar voru frá mjög góða til mjög slæma. Næst voru þeir spurðir um þekkingu þeirra á hugtakinu „sparnaður“ með svarmöguleika frá mjög mikilli þekkingu til mjög lítillar þekkingu. Spurningin eftir það athugaði hvort þátttakendur þekkja mun á bundnum og óbundnum reikningum, en næsta um þekkingu á muninum á verðtryggðum og óverðtryggðum reikningum. Næstu þrjár spurningar sneru að viðbótarlífeyrissparnaði, en þar var spurt hvort þátttakendur þekkja til hans, hvort þau greiða í

viðbótarlífeyrissparnað, og síðast en ekki síst hversu mikla prósentu af launum sínum greiða þau í viðbótarlífeyrissparnaðinn. Síðasta spurningin í fyrsta hluta könnunarinnar snerist um þekkingu einstaklinga til sjóða sem sparnaðarleið.

Í byrjun seinni hlutans voru þátttakendur spurðir um hjúskaparstöðu þeirra. Þeir sem svöruðu að þeir væru í sambúð, í hjónabandi eða annað fengu auka spurningu um samanlagðar tekjur heimilisins, aðrir fóru beint í spurningu um meðallaun þeirra á mánuði. Næst var haldið áfram í tvær spurningar um sparnaðarhegðun einstaklinga. Fyrst ver spurt hvort þátttakandinn sparar reglulega, en næst hversu stóran eða lítinn hluta af tekjunum sínum leggur hann í sparnað mánaðarlega. Allir þátttakendur voru svo spurðir spurninga sem tengdar voru fjárhagslegri velgengni þeirra. Fyrsta spurningin hljóðaði svo „Þegar það kemur að mánaðarlegum tekjum þínum, telur þú þig ná endum saman í lok mánaðarins?“, og svörin voru allt frá alltaf til aldrei. Næst var spurt hvort þátttakendur upplifa áhyggjur þegar verslað er í matinn, og hvort þeir geta leyft sér að fara út að borða reglulega án þess að lenda í fjárhagslegum erfiðleikum. Haldið var svo áfram með spurningu um upplifun á fjárhagslegu öryggi þátttakenda, en einnig um það hvort upplifun á fjárhagslegu öryggi þeirra hefur breyst síðastliðna 12 mánuði. Til þess að fá enn betri upplýsingar um fjárhagslega stöðu þátttakenda var spurt um búsetu þeirra. Þeir sem svöruðu að þeir væru í eigin húsnæði fengu fyrst spurningu um það hvort þeir væru að borga af húsnæðisláni. Allir þátttakendur fengu næst spurningu um helstu ástæður þeirra fyrir sparnaði. Ýmsir svarmöguleikar voru í boði við þeirri spurningu en meðal annars var hægt að velja „annað“ sem gerði þátttakanda kleift að svara spurningunni skriflega og með því bæta við sínu eigin svari.

Að lokum fengu þátttakendur bakgrunnsspurningar þar sem þeir voru beðnir um að svara spurningum um menntun, kyn og aldur. Aukalega fengu þeir sem hafa lokið grunnnámi úr háskóla eða hærri gráðu aðra spurningu þar sem spurt var um það á hvaða fræðasviði prófgráða þeirra væri.

4.3 Framkvæmd

Spurningalistinn var hannaður með það markmið að leiðarljósi að svara tilgátu rannsakanda. Spurningalistinn var yfirfarinn með tilliti til villna af Ævari Þórólfsyni kennara við Háskólann í Reykjavík. Spurningalistinn var settur upp í Google Forms og síðan forskoðaður nokkrum sinnum af rannsakendum til athugunar hvort allt virki rétt. Þann 21. febrúar var hlekkur á könnunina ásamt kynningarbréfi (sjá viðauka A) birt á samfélagsmiðlum rannsakenda, Facebook síðum ættingja þeirra, og Facebook hópinn „spurningakannanir“. Þátttakendum var tilkynnt að svör yrðu ekki rakin til einstakra þátttakenda og að þeim beri ekki skylda til að taka

þátt í rannsókninni og hægt væri að hætta við hvenær sem er. Mikið magn af svörum safnaðist í fyrstu vikunni en þó ekki nóg og því var ákveðið að loka spurningalistanum ekki strax. Könnunin var aftur birt á samfélagsmiðlum rannsakenda 13. mars og var hlekkurinn fjarlægður í kjölfarið þann 15. mars þegar nægilegt magn af svörum hafði safnast.

4.4 Tölfræðileg greining

Við úrvinnslu gagna voru öll svör sótt úr Google forms og færð í Excel skjal. Næst var farið yfir svörin í Excel skjalinu til að hreinsa gögn og athuga hvort þörf væri á því að taka út svör sem virtust ekki eiga heima í niðurstöðunum. Við yfirferð á gögnum var horft til ýmissa atriða sem gætu bent til þess að tilteknu svari ætti að eyða úr gagnasafninu. Til að byrja með var horft til þess hvort samræmi væri til staðar í svörum þátttakenda, ef ósamræmi í svörum þátttakandans var til staðar var því svari eytt út. Einnig var skoðað hvort að öllum bakgrunnsspurningum hefði verið svarað þar sem þær upplýsingar voru nauðsynlegar við úrvinnslu gagna og til þess að geta svarað rannsóknarspurningum ritgerðarinnar. Kannað var einnig hvort um væri að ræða þátttakendur sem svöruðu ekki stórum hluta spurninganna, eða hvort um væri að ræða svör sem myndu teljast sem óeðlilegir útlagar (e.outliers). Samtals voru svör fjögurra þátttakanda tekin út og ástæður fyrir því voru eftirfarandi: Í fyrsta tilfellinu kom í ljós að einn þátttakandi svaraði ekki spurningunni um aldur en þá er ómögulegt að greina þau gögn þar sem aldur er ein af breytunum sem tekið er tillit til þegar leitast er við að svara rannsóknarspurningunni. Næst voru hreinsuð út þrjú svör sem áttu öll það sameiginlegt að þátttakandi svaraði „nei” eða „veit ekki” við spurningunni „Greiðir þú í viðbótarlífeyrissparnað?”, en í næstu spurningunni sem hljóðaði svo „Veist þú hversu mikla prósentu af laununum þínum þú greiðir í viðbótarlífeyrissparnað?” svöruðu þessir þátttakendur „Já 2%” eða „Já 4%”. Þessi svör teljast því vera mótsögn við hvert annað og hafa þar að leiðandi lítinn trúverðugleika. Einnig er vert að nefna það að einn af áður nefndum þrem þátttakendum valdi svarið „Fremur oft” fjórum sinnum í röð og því má gera ráð fyrir því að þátttakandi lagði sig ekki jafn mikið fram í að svara könnuninni eins og ætti að gera (e. sacrificing). Í þessum ákveðna tilviki, þar sem fjögur alveg eins svör eru valin í röð, má vísa til hugtaksins „straightlining” (Kim o.fl., 2018). Í tilfellum þar sem þátttakandi svaraði flestum spurningum, og voru svörin fullnægjandi til greiningar, en eitt eða tvö svör vantaði var auðu svæðunum breytt í orðið „missing”. Þegar þessu var lokið voru gögnin færð í SPSS og gögnin kóðuð. Svarmöguleikarnir á Likert kvarða fengu tölugildi svo hægt sé að vinna úr gögnum og framkvæma tölfræðilega greiningu.


5. Niðurstöður

5.1 Þekkingin á sparnaðarleiðum á Íslandi

Í upphafi spurningakönnunar voru þátttakendur spurðir hversu góð eða slæm þau telja að þekkingin þeirra um sparnaðarmöguleika á Íslandi sé. Niðurstöður þeirrar spurningar má sjá á mynd 2. Stór hópur þátttakenda taldi sig hafa mjög góða eða frekar góða þekkingu á því sviði eða 53% svarenda. Einungis 3% þátttakenda töldu sig hafa mjög slæma þekkingu á sparnaðarmöguleikum sem standa til boða á Íslandi.

Mynd 2


Hversu góð eða slæm telur þú að þekking þín á sparnaðarmöguleikum á Íslandi sé?



Næst voru þátttakendur beðnir um að merkja við hversu mikla eða litla þekkingu þeir töldu sig hafa á hugtakinu sparnaður en notast var við fimm stiga Likert kvarða. Svarmöguleikarnir voru allt frá „Mjög mikla þekkingu“ til „Mjög litla þekkingu“. Eins og sést á mynd 3 telur langstærsti hópurinn eða 45% sig hafa frekar mikla þekkingu á hugtakinu sparnaður. Næststærsti hópur eða 27,1% telur sig hafa mjög mikla þekkingu á hugtakinu sparnaður, næsti hópur staðsetti sig í miðjunni en það var 19,8% þátttakenda sem töldu sig hafa hvorki mikla né litla þekkingu á því hugtaki.

Mynd 3


Hversu mikla eða litla þekkingu hefur þú á hugtakinu „sparnaður“?



Þátttakendur voru einnig spurðir hvort þeir þekktu muninn á bundnum og óbundnum reikningum. Niðurstöður má sjá á mynd 4 en helmingur þátttakenda þekkir muninn á þeim reikningum. 50,3% eða 166 þátttakendur sögðust þekkja muninn á bundnum og óbundnum reikningnum, 33,9% eða 112 þátttakendur sögðust þekkja muninn að einhverju leyti. 13,6% eða 45 þátttakendur þekkja ekki muninn en langar að kynna sér það, 2,2% eða 7 þátttakendur þekkja ekki muninn og hafa ekki áhuga á því. Enginn þátttakandi valdi svarmöguleikann „vil ekki svara“ og því er þessi svarmöguleiki ekki sýndur á grafinu.

Mynd 4

Þekkir þú muninn á bundnum og óbundnum reikningnum?




Í framhaldi voru þátttakendur spurðir hvort þeir þekkja muninn á verðtryggðum og óverðtryggðum reikningum. Niðurstöður má sjá á mynd 5 en í þessu tilviki var rétt undir helmingur þátttakenda eða 45,6% sem telja sig þekkja muninn á verðtryggðum og

óverðtryggðum reikningum mjög vel. Næststærsti hópurinn eða 37,1% þátttakenda telur sig þekkja muninn að einhverju leyti. 17,3% þátttakenda þekkja ekki muninn, en sá flokkur skiptist í tvennt annars vegar einstaklingar sem vilja þekkja muninn og hins vegar einstaklingar sem hafa ekki áhuga á því.

Mynd 5


Þekkir þú muninn á verðtryggðum og óverðtryggðum reikningum?



Næst voru þátttakendur spurðir hvort þeir þekkja til viðbótarlífeyrissparnaðar. 91,5% þekkir þessa leið til sparnaðar en þeir þátttakendur skiptast í tvo hópa. Annars vegar eru 57,8% þátttakenda sem þekkir viðbótarlífeyrissparnað mjög vel en hins vegar telja 33,7% þátttakenda þekkja það að einhverju leyti. Sá hluti þátttakenda sem þekkti ekki til viðbótarlífeyrissparnaðar var einungis 8,2% en það voru þeir þátttakendur sem vilja kynna sér þetta hugtak betur og þeir sem hafa ekki áhuga á því.

Mynd 6


Þekkir þú til viðbótarlífeyrissparnaðar?



Í kjölfarið voru þátttakendur spurðir hvort þeir greiða í viðbótarlífeyrissparnað. Langstærsti hópurinn eða 77,1% þátttakenda greiðir í viðbótarlífeyrissparnað. Talsvert minni hluti eða 16,8% þátttakenda greiðir ekki í viðbótarlífeyrissparnað, en 5,2% þátttakenda veit ekki hvort þeir borgi í viðbótarlífeyrissparnað. Þrír þátttakendur kusu að svara ekki spurningunni.

Mynd 7


Greiðir þú í viðbótarlífeyrissparnað?



Fyrsta kafla spurningakönnunarinnar var lokið með spurningu um sjóði sem sparnaðarleið, en ákveðið var að enda á þeirri spurningu þar sem sjóðir eru ekki þekktir sem hefðbundin sparnaðarleið og því áhugavert að sjá niðurstöður úr þeirri spurningu. Niðurstöður við spurningunni „Þekkir þú til sjóða sem sparnaðarleið?“ má sjá á mynd 8. 37,1% þátttakenda þekkir til sjóða sem sparnaðarleið, 38% þátttakenda þekkir til sjóða sem sparnaðarleið en takmarkað. 24,9% þátttakenda þekkir ekki til sjóða sem sparnaðarleið eða kusu að svara ekki.

Mynd 8

Þekkir þú til sjóða sem sparnaðarleið?



Til þess að greina niðurstöður rannsóknarinnar betur og leita svara við fyrstu rannsóknarspurningunni voru settar fram nokkrar tilgátur og tölfræðileg próf framkvæmd. Til þess að framkvæma greiningarnar var notast við tölfræðiforritið SPSS. Fyrsta rannsóknarspurning hljóðar svo *Hvaða áhrif hefur aldur og menntun á þekkingu einstaklinga á sparnaðarleiðum á Íslandi?*

Áður en tölfræðileg próf voru framkvæmd var búið til nýtt tölugildi í Excel sem gaf til kynna þekkingu þátttakenda á sparnaðarleiðum á Íslandi út frá fimm spurningum. Fjórar af þessum fimm spurningar voru á fimm punkta Likert kvarða, þar sem svarmöguleikin „Mjög góð” eða svipað fékk tölugildi 5 en svarmöguleikin „Mjög slæm” eða svipað fékk tölugildi 1. Ein spurninganna var einungis með fjóra svarmöguleika en það var spurningin um sjóði sem sparnaðarleið. Tölugildin sem svarmöguleikarnir fengu voru eftirfarandi, „Já” fékk tölugildi 3, „Já,takmarkað” fékk tölugildi 2, „Nei” fékk tölugildi 1 og „Vil ekki svara” fékk tölugildi 0. Spurningarnar sem lýstu þekkingu Íslendinga á sparnaðarleiðum sem standa til boða hér á landi og notaðar voru voru eftirfarandi: „*Hversu góð eða slæm telur þú að þekkingin þín á sparnaðarmöguleikum á Íslandi sé?*” „*Þekkir þú muninn á bundnum og óbundnum reikningum?*” „*Þekkir þú muninn á verðtryggðum og óverðtryggðum reikningum?*” „*Þekkir þú til viðbótarlífeyrissparnaðar?*” og „*Þekkir þú til sjóða sem sparnaðarleið?*” Næst var meðaltal þessara spurninga reiknað út fyrir hvern þátttakanda og það tölugildi fært í SPSS til frekari greiningar.

Framkvæmd voru tvö óháð t-próf í tölfræðiforriti SPSS. H₀ tilgáta fyrir fyrsta t-prófið hljóðaði svo:

H₀: Ekki er marktækur munur á þekkingu einstaklinga á aldrinum 19-25 ára á sparnaðarleiðum á Íslandi miðað við einstaklinga á aldrinum 61-75 ára.

H₁: Marktækur munur er á þekkingu einstaklinga á aldrinum 19-25 ára á sparnaðarleiðum á Íslandi miðað við einstaklinga á aldrinum 61-75 ára.

Notast var við 95% öryggisbil og töluna 0,05 sem p-gildi til að framkvæma óháð t-próf. Í þessu líkani var p-gildið 0,012 og þar sem $0,012 < 0,05$ gefur það okkur til kynna að hægt er að hafna núlltilgátunni. Það bendir til þess að marktækur munur sé á milli einstaklinga á aldrinum 19-25 ára og einstaklinga á aldrinum 61-75 ára þegar það kemur að þekkingu þeirra á sparnaðarleiðum á Íslandi. Við getum því sagt með 95% vissu að marktækur munur sé á milli hópanna tveggja.

Seinna óháða t-prófið sem framkvæmt var til þess að leita svara við fyrstu rannsóknarspurningarnar hljóðaði svo:

H0: Ekki er marktækur munur á þekkingu einstaklinga með grunnskólapróf eða sambærilegt á sparnaðarleiðum á Íslandi miðað við einstaklinga með meistaraþróf úr háskóla.


H1: Marktækur munur er á þekkingu einstaklinga með grunnskólapróf eða sambærilegt á sparnaðarleiðum á Íslandi miðað við einstaklinga með meistaraþróf úr háskóla.

Alveg eins og í síðasta tilviki var notast við 95% öryggisbil og p-gildið 0,05 var notað. Þar sem hér p-gildið var $0,988 > 0,05$ getum við ekki hafnað núlltilgátunni. Það bendir til þess að ekki er marktækur munur á þekkingu einstaklinga með grunnskólapróf eða sambærilegt á sparnaðarleiðum á Íslandi miðað við einstaklinga með meistaraþróf úr háskóla. Við getum því sagt með 95% vissu að ekki er marktækur munur á milli hópanna tveggja.

5.2 Sparnaðarhegðun Íslendinga

Til að kanna sparnaðarhegðun Íslendinga var ákveðið að spyrja tveggja spurninga sem sneru að því efni. Fyrsta spurningin hljóðaði svo „Sparar þú reglulega?“ og niðurstöður má sjá á mynd 9 hér fyrir neðan. Meira en helmingur þátttakenda eða 56,1% sparar reglulega í hverjum mánuði annað hvort í upphafi eða lok hvers mánaðar. 28,2% þátttakenda sparar en ekki í hverjum mánuði. Hluti þátttakenda sem sparar ekki var töluvert lægri en sá sem sparar en það voru 14,8% þátttakenda.

Mynd 9
Spara þú reglulega?




Í kjölfarið voru þátttakendur spurðir hversu stóran eða lítinn hluta af tekjunum sínum þeir leggja í sparnað mánaðarlega að meðaltali. Niðurstöður má sjá hér fyrir neðan á mynd 10.

Stærsti hópur eða 37,7% þátttakenda sagðist spara 10% - 20% af tekjunum sínum mánaðarlega að meðaltali. Þá segir 12,2% þátttakenda að þeir spara ekkert mánaðarlega.

Mynd 10

Hversu stóran eða lítinn hluta af tekjunum þínum leggur þú í sparnað mánaðarlega að meðaltali?



Til þess að athuga hvernig ýmsar breytur geta haft áhrif á sparnaðarhegðun einstaklinga var óháð t-próf framkvæmt. Sett var fram eftirfarandi H_0 tilgáta:

H_0 : Ekki er marktækur munur á reglulegum sparnaði einstaklinga í hjónabandi miðað við einhleypa einstaklinga.


H_1 : Marktækur munur er á reglulegum sparnaði einstaklinga í hjónabandi miðað við einhleypa einstaklinga.

Notast var við 95% öryggisbil og töluna 0,05 sem p-gildi. Niðurstaða prófsins er $0,022 < 0,05$ og því höfnum við núlltilgátunni. Það bendir til þess að marktækur munur er á reglulegum sparnaði einstaklinga í hjónabandi miðað við einhleypa einstaklinga. Við getum því sagt með 95% vissu að marktækur munur er á milli hópanna tveggja.

Á mynd 11 er hægt að sjá niðurstöður úr tveimur spurningum sem snúa að tekjum, annars vegar meðaltekjur einstaklings á mánuði og hins vegar samanlagðar tekjur heimilisins. Spurningu um samanlagðar tekjur heimilisins fengu einungis þeir þátttakendur sem sögðust vera í hjónabandi eða sambúð, en ekki einhleypir einstaklingar. Niðurstöður spurningarinnar sýna að 63,6% einstaklinga í sambúð eða hjónabandi hafa samanlagðar mánaðarlegar tekjur yfir 901.000kr en einungis 25,1% einstaklinga hefur mánaðarlegar tekjur að sömu upphæð. Það getur útskýrt þann marktækan mun á milli hópanna. Einstaklingar í hjónabandi eða sambúð hafa því í mörgum tilvikum meiri fjármagn til ráðstöfunar í hverju mánuði og því gefst betra tækifæri til þess að leggja reglulega hlut tekna í sparnað.

Mynd 11

Hverjar eru samanlagðar tekjur heimilisins, fyrir skatt í íslenskum krónum? og Hversu há eru launin þín á mánuði að meðaltali fyrir skatt í íslenskum krónum?




5.3 Áhrif fjármálalæsis á fjárhagslega velgengni

Tilgangur annars hluta spurningakönnunarinnar var að kanna fjárhagslega velgengni þátttakenda. Í þeim hluta voru fimm spurningar lagðar fram og svör þátttakenda við þeim spurningum voru eftirfarandi.

Til að byrja með voru þátttakendurnir spurðir hvort þeir ná endum saman í lok mánaðarins þegar kemur að mánaðarlegum tekjum þeirra. Við því svaraði 56,4% þátttakenda að þeir ná alltaf endum saman í lok mánaðarins, en 21,2% þátttakenda svaraði að þeir ná endum saman fremur oft. 7,3% þátttakenda telja sig fremur sjaldan eða aldrei ná endum saman í lok mánaðarins.

Mynd 12


Þegar það kemur að mánaðarlegum tekjum þínum, telur þú þig ná endum saman í lok mánaðarins?



Næst voru þátttakendur spurðir hvort þeir upplifa áhyggjur þegar verslað er í matinn og það kemur að því að borga fyrir vörurnar. 37,7% þátttakenda upplifir aldrei áhyggjur þegar þeir borga fyrir vörurnar í matvöruverslun. 30,9% telja sig upplifa áhyggjur fremur sjaldan, 18,8% upplifir áhyggjur í meðallagi. 8,8% þátttakenda upplifir áhyggjur þegar verslað er í matinn fremur oft og 4,2% upplifir alltaf áhyggjur þegar borga þarf fyrir vörurnar.

Mynd 13


Þegar þú ferð að versla í matinn upplifir þú áhyggjur þegar það kemur að því að borga fyrir þessar vörur?



Í framhaldi voru þátttakendur spurðir hvort þeir geta leyft sér að fara út að borða allavega einu sinni í viku, án þess að spá í því hvort þeir lenda í fjárhagslegum erfiðleikum vegna þess. Niðurstöður má sjá á mynd 14 en 35,3% eða 116 þátttakendur sögðust geta alltaf leyft sér að fara út að borða allavega einu sinni í viku án þess að spá í því hvort þeir lenda í fjárhagslegum erfiðleikum, 26,1% eða 86 þátttakendur getur leyft sér það fremur oft, en 16,1% eða 53 þátttakendur í meðallagi. Þar á eftir geta 15,5% þátttakenda leyft sér að fara út að borða allavega einu sinni í viku fremur sjaldan og 7% getur það aldrei.

Mynd 14


Getur þú leyft þér að fara út að borða allavega einu sinni í viku, án þess að spá í því hvort þú lendir í fjárhagslegum erfiðleikum vegna þess?



Næst voru þátttakendur spurðir hvort þeir upplifi fjárhagslegt öryggi í lífinu. Stór hluti þátttakenda eða 69,9% sögðust upplifa fjárhagslegt öryggi alltaf eða fremur oft. 17,6% þátttakenda upplifir fjárhagslegt öryggi í meðallagi, 9,4% fremur sjaldan og 3% þátttakenda upplifir aldrei fjárhagslegt öryggi.

Mynd 15


Upplifir þú fjárhagslegt öryggi í þínu lífi?



Í kjölfarið voru þátttakendur spurðir hvort upplifun þeirra af fjárhagslegu öryggi hafi breyst síðastliðna 12 mánuði. Eins og sést á mynd 16 svaraði 49,1% þátttakenda að þeir upplifi hvorki meira né minna öryggi, 32,1% þátttakenda upplifir minna öryggi og 18,2% upplifir meira öryggi. Tveir þátttakendur kusu að svara ekki.

Mynd 16

Hefur upplifun þín af fjárhagslegu öryggi þínu breyst síðastliðin 12 mánuði?



Til að greina fjárhagslega velgengni einstaklinga enn frekar og í leiðinni leita svara við annarri rannsóknarspurningu sem hljóðar svo *Hvaða áhrif hefur fjármálalæsi þegar horft er til fjárhagslega velgengni einstaklinga?* voru settar fram þrjár tilgátur og tölfræðileg próf framkvæmd.

Til þess að geta framkvæmt tölfræðipróf sem snýr að fjárhagslegri velgengni var nauðsynlegt að búa til nýtt tölugildi. Því var nýtt tölugildi búið til í Excel út frá fjórum spurningum, sem gáfu til kynna fjárhagslega velgengni einstaklinga. Allar fjórar spurningarnar voru á fimm punkta Likert kvarða og svarmöguleikarnir fengu viðeigandi tölugildi. Í þrem af fjórum spurningum fékk svarmöguleiki „Alltaf” tölugildi 5, „Fremur oft” fékk gildi 4, „Í meðallagi” fékk tölugildi 3, „Fremur sjaldan” fékk tölugildi 2, en svarmöguleiki „Aldrei” fékk tölugildi 1. Svarmöguleikarnir við spurningu „Þegar þú ferð að versla í matinn upplifir þú áhyggjur þegar það kemur að því að borga fyrir þessar vörur?” voru alveg eins og við hinar spurningarnar en þar sem svarið „Alltaf” lýsti slæmri fjárhagslegri velgengni fékk það tölugildi 1 en svarmöguleiki „Aldrei” fékk tölugildi 5. Þær spurningar sem notaðar voru til þess að búa til nýtt tölugildi sem lýsir fjárhagslegri velgengni einstaklinga voru eftirfarandi: Þegar það kemur að mánaðarlegum tekjum þínum, telur þú þig ná endum saman í lok mánaðarins? Þegar þú ferð að versla í matinn upplifir þú áhyggjur þegar það kemur að því að borga fyrir þessar vörur? Getur þú leyft þér að fara út að borða allavega einu sinni í viku, án þess að spá í því hvort þú lendir í fjárhagslegum erfiðleikum vegna þess? og Upplifir þú fjárhagslegt öryggi í þínu lífi? Næst var meðaltal þessara spurninga reiknað út fyrir hvern þátttakanda og það tölugildi fært í tölfræðiforrit SPSS til frekari greiningar.

Fyrir fyrsta H0 tilgátu sem sett var fram var einhliða dreifigreining (e.one-way ANOVA) framkvæmd þar sem bera þurfti saman fleiri en tvo hópa (Ross og Willson, 2017), en núlltilgáta hljóðaði svo:


H0: Ekki er marktækur munur á fjárhagslega velgengni einstaklinga miðað við fjármálalæsi þeirra.

H1: Marktækur munur er á fjárhagslega velgengni einstaklinga miðað við fjármálalæsi þeirra.

F-gildi sem fengið var úr prófinu í SPSS töflu var $F = 7,227$. F-critical sem fundið var í F-töflu miðað við frelsisgráðu (16,309) og 0,01 marktæktarstig var $F\text{-critical} = 2,185$. Þar sem $7,227 > 2,185$ getum við hafnað núlltilgátunni og sagt með 99% vissu að marktækur munur sé á fjárhagslega velgengni einstaklinga miðað við fjármálalæsi einstaklinga. Á mynd 17 sem búin var til í SPSS hægt er að sjá tengingu á milli fjármálalæsis og fjárhagslega velgengni sem samsvarar niðurstöðum úr einhliða dreifigreiningu. Þar er hægt að sjá að fjárhagsleg velgengni einstaklinga verður hærri eftir því sem fjármálalæsi þeirra er á herra stigi.

Mynd 17

Tenging fjármálalæsis og fjárhagslega velgengni.



Í framhaldi af þessu voru framkvæmd tvö óháð t-próf til þess að kanna hvort ákveðnar breytur hafa áhrif á fjárhagslega velgengni einstaklinga annars vegar og fjárhagslegt öryggi einstaklinga hins vegar, fyrsta núlltilgátan hljóðaði svo:

H0: Ekki er marktækur munur á fjárhagslegri velgengni einstaklinga í sambúð miðað við einhleypa einstaklinga.

H1: Marktækur munur er á fjárhagslegri velgengni einstaklinga í sambúð miðað við einhleypa einstaklinga.

Notast var við 95% öryggisbil og töluna 0,05 sem p-gildi. Út úr t-prófinu kom eftirfarandi niðurstaða $0,026 < 0,05$ en það gefur til kynna að hægt er að hafna núlltilgátunni. Það bendir til þess að marktækur munur er á fjárhagslegri velgengni einstaklinga í sambúð miðað við einhleypa einstaklinga. Við getum því sagt með 95% vissu að marktækur munur er á milli hópanna tveggja. Líkt og nefnt var hér að ofan getur ástæða fyrir þessari niðurstöðu verið sú að einstaklingar í sambúð hafa hærri mánaðarlegar tekjur en einhleypir einstaklingar eins og sjá má í niðurstöðum könnunarinnar á mynd 10.

Næst var óháð t-próf framkvæmt með H_0 tilgátu sem hljóðaði svo:

H0: Ekki er marktækur munur á fjárhagslegu öryggi einstaklinga í sambúð miðað við einhleypa einstaklinga.

H1: Marktækur munur er á fjárhagslegu öryggi einstaklinga í sambúð miðað við einhleypa einstaklinga.

Hér var notast við 99% öryggisbil og töluna 0,01 sem p-gildi. Óháð t-próf framkvæmt í SPSS gaf eftirfarandi niðurstöður: $0,001 < 0,01$. Það gefur okkur til kynna að hægt er að hafna núlltilgátunni og bendir til þess að marktækur munur er á fjárhagslegu öryggi einstaklinga í sambúð miðað við einhleypa einstaklinga. Við getum því sagt með 99% vissu að marktækur munur er á milli hópanna tveggja.


5.4 Helstu ástæður fyrir sparnaði

Að lokum voru þátttakendur spurðir hverjar voru helstu ástæður fyrir sparnaði þeirra. Spurningin var hálf opin en hægt var að velja eftirfarandi svarmöguleika; „ég spara ekki“, „fyrir öryggi í framtíðinni/fyrir elliárin“, „fyrir örugga framtíð hjá börnum“, „geta mætt óvæntum útgjöldum“, „fyrir húsnæði“, „fyrir bíl“, „fyrir ferðalög“, „fyrir aðra efnislega hluti“ eða skrifa svar sitt í textabox. Einnig er vert að hafa í huga að hver þátttakandi gat valið fleiri en einn svarmöguleika. Á mynd 18 má sjá súlurit með þeim ástæðum fyrir sparnaði sem komu oftast fram. Þrjár ástæður fyrir sparnaði stóðu upp úr en það voru „geta mætt óvæntum útgjöldum“, „fyrir öryggi í framtíðinni/fyrir elliárin“, og „fyrir ferðalög“. 63,8% þátttakenda völdu „geta mætt óvæntum útgjöldum“, 51,8% þátttakenda valdi „fyrir ferðalög“, 50,6% þátttakenda valdi „fyrir öryggi í framtíðinni/fyrir elliárin“. Þar á eftir voru þrjár svarmöguleikar með svipað svarhlutfall en þar valdi 31% þátttakenda ástæðuna „fyrir húsnæði“, 26,4%

þátttakenda „fyrir örugga framtíð hjá börnum” og 25,2% „fyrir aðra efnislega hluti”. Þar sem svörin voru mjög dreifð voru allar ástæður fyrir sparnaði sem komu ekki fram oftar en þrisvar sinnum flokkaðar sem „annað”. Við svarmöguleikana bættist því svarið „viðhald á húsnæði” þar sem þrír þátttakendur skrifuðu það svar í textaboxi. Ástæður fyrir sparnaði sem að flokkast undir „annað” eru meðal annars; fyrir framtíðarnámi, fyrir stofnun á fyrirtæki, fyrir frekari fjárfestingu, að verða skuldlaus, hætta snemma að vinna og næ ekki að eyða tekjunum.

Mynd 18

Hverjar eru helstu ástæður fyrir því að þú sparar?




Í framhaldi voru svörin við þessari spurningu kóðuð til þess að geta borið saman einstaklinga á mismunandi aldri og með mismunandi menntunarstig. Það var einnig gert til þess að leita svara við þriðju og síðustu rannsóknarspurningu ritgerðarinnar en hún hljóðaði svo *Hverjar eru ástæður fyrir sparnaði Íslendinga, og eru þessar ástæður breytilegar eftir aldri og menntun?*

Á mynd 19 getum við séð hverjar eru ástæður fyrir sparnaði hjá einstaklingum 35 ára og yngri miðað við einstaklinga 36 ára og eldri. Til að byrja með sjáum við að einstaklingar 36 ára og eldri eru líklegri til að spara ekki miðað við yngri einstaklinga. Mest áberandi niðurstöður getum við séð við ástæðu „fyrir húsnæði”, en 16,7% einstaklinga 35 ára eða yngri hakaði við þann valmöguleika en einungis 4,8% einstaklinga 36 ára eða eldri gerði það sama. Bæði við ástæðu „Fyrir öryggi í framtíðinni/fyrir elliárin” og „Geta mætt óvæntum útgjöldum” er hópurinn 36 ára eða eldri um 5% hærri en hópurinn 35 ára eða yngri. 15,9% einstaklinga 35 ára eða yngri og 20,7% einstaklinga 36 ára eða eldri svaraði „Fyrir öryggi í framtíðinni/fyrir

elliárin”. Við svarmöguleikanum „Geta mætt óvæntum útgjöldum” hakaði 20,1% einstaklinga 35 ára eða yngri og 26,2% einstaklinga 36 ára eða eldri .

Mynd 19


Hverjar eru helstu ástæður fyrir því að þú sparar? - Miðað við aldur



Á mynd 20 getum við séð samanburð á einstaklingum með stúdentspróf eða sambærilegt eða með lægra menntunarstig og einstaklingum með grunnnám úr háskóla eða hærra menntunarstig. Ef horft er á myndina í heild sinni eru einstaklingar með grunnnám úr háskóla eða hærra menntunarstig líklegri til að spara, þar sem í sjö af níu flokkum sem telja upp ástæður fyrir sparnaði eru þau í meirihluta hópnum. Bæði þegar það kemur að ástæðu „Fyrir öryggi í framtíðinni/fyrir elliárin” og „Geta mætt óvæntum útgjöldum” eru einstaklingar með grunnnám úr háskóla eða hærra menntunarstig helmingi líklegri til að hafa það sem ástæðu fyrir sparnaði sínum en einstaklingar með stúdentspróf eða sambærilegt eða með lægra menntunarstig. Einnig er hægt að sjá stórt bil í svarinu „Fyrir örugga framtíð hjá börnum” milli hópanna. 5,5% einstaklinga með stúdentspróf eða sambærilegt eða með lægra menntunarstig valdi þann valmöguleika en 14% einstaklinga með grunnnám úr háskóla eða hærra menntunarstig.

Mynd 20

Hverjar eru helstu ástæður fyrir því að þú sparar? - Miðað við menntunarsstig



6. Umræða

Líkt og nefnt var í byrjun þessarar ritgerðar þá eru sparnaðarmöguleikar margir og fjölbreyttir bæði hér á Íslandi og erlendis, og því getur reynst erfitt að þekkja alla þá kosti sem standa til boða. Einstaklingar hafa mismunandi ástæður fyrir sparnaði og því mismunandi gerðir bankareikninga og leiðir til að spara sem henta hverjum og einum. Í þessu rannsóknarverkefni voru ýmis hugtök kynnt sem tengjast sparnaði og þeir ýmsu sparnaðarmöguleikar sem einstaklingar hér á landi geta valið úr. Jafnframt hafa rannsakendur kynnt þekkingu einstaklinga á Íslandi á þeim sparnaðarleiðum sem standa til boða, stuttlega kynnt sparnaðarhegðun einstaklinga á Íslandi, greint helstu ástæður fyrir sparnaði þeirra og síðast en ekki síst kynnt fylgni á milli fjármálalæsis og fjárhagslega velgengni. Í þessum kafla munu rannsakendur greina frá svörum við rannsóknarspurningunum sem lagðar voru fram í byrjun ritgerðar.

Hvaða áhrif hefur aldur og menntun á þekkingu einstaklinga á sparnaðarleiðum á Íslandi?

Þegar horft var á niðurstöður könnunarinnar virðist þekking einstaklinga á sparnaðarleiðum vera almennt góð. Í flestum spurningum telur yfir 50% svarenda sig hafa mjög góðan eða frekar góðan skilning eða þekkingu á hugtökum sem spurt var út í. Í þeim tilvikum sem svarið var

ekki yfir 50% var það í kringum 40% þátttakenda sem þekkti eða taldi sig hafa skilning á ákveðnu hugtaki. Vert er þó að nefna að sá hluti þátttakenda sem þekkti ekki hugtökin eða hafði ekki skilning á þeim hafði samt sem áður áhuga á að kynna sér það efni betur. Þegar tölfræðiprófið til þess að kanna mun á þekkingu einstaklinga á aldrinum 19-25 ára á sparnaðarleiðum á Íslandi miðað við einstaklinga á aldrinum 61-75 ára var framkvæmt kom í ljós að marktækur munur væri á hópunum. Út frá þeim niðurstöðum getum við sagt að annar þessara hópa hefur betri þekkingu á sparnaðarleiðum á Íslandi en hinn. Þegar horft er í allt það efni sem rætt hefur verið í þessari ritgerð og gögn sem rannsakendur hafa skoðað í ferlinu eru miklar líkur á því að yngri hópurinn hefur betri þekkingu á sparnaðarmöguleikum á Íslandi í þessu tilviki. Ástæður fyrir því geta verið ýmsar, en hér eru nokkrar sem rannsakendum finnst mest líklegar. Í dag er betra aðgengi á netinu, því fylgir betra upplýsingaflæði og auðvelt er að afla sér ýmissa upplýsinga. Yngri kynslóðin, sem hér er fjallað um, líka kölluð kynslóð-Z, ólst upp með þessari nýju tækni (Dimock, 2019) og þykir því sjálfsagt að nýta sér hana á hverjum degi og alltaf að vita hvað er að gerast á íslenskum fjármálamarkaði. Auglýsingar birtast alls staðar, hvort sem það er á samfélagsmiðlum, fréttaveitum eða öðrum vefsíðum, þess vegna eru einstaklingar fljótir að kynna sér nýjungar á markaði og þær sparnaðarleiðir sem íslenskir bankar bjóða upp á. Aftur á móti ef horft er til eldri kynslóðarinnar, oft kölluð kynslóð eftirstriðsáranna (e. baby boomers) varð tæknin fyrst vinsæl þegar þessi hópur var komin lengra á lífsleiðinni (Whitbourne og Willis, 2014) og því ekki jafn vinsælt á meðal þeirra að nýta sér þessa tækni og meðal yngri kynslóða. Margir eru smeykir við alla þessa nýju tækni eins og til dæmis snjallsíma, spjaldtölvur, snjallúr og svo framvegis. Upplýsingaflæði til einstaklinga á þessum aldri er því minna og komast því allar upplýsingar um nýjungar til þeirra seinna en til yngri kynslóða (Bennett- Kapusniak, 2015). Ástæða fyrir því að „baby boomer“-kynslóðin hefur minni þekkingu á sparnaðarleiðum á Íslandi en kynslóðin-Z getur einnig verið sú að þau hafa minni þörf á sparnaði á þeim tímamarki lífsins. Einstaklingar á aldrinum 61-75 ára er að nálgast það að fara á eftirlaun eða eru nú þegar komin á eftirlaun. Gera ráð má fyrir því að Íslendingar á þessum aldri eigi nú þegar eigið húsnæði sem keypt var fyrir mörgum árum. Þessi kynslóð hefur því til dæmis ekki lengur þörf fyrir því að safna sér fyrir útborgun á íbúð eða til þess að hefja margra ára sparnaðar ferli til að spara fyrir elliárin þar sem flestir eru komin þangað og eru búin með það ferli á þessum tímamarki lífsins. Aftur á móti einstaklingar á aldrinum 19-25 ára eru flestir rétt að ljúka skólagöngunni sinni, stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaðnum og húsnæðismarkaðnum. Þeir hafa því þörf á því að safna fyrir fyrstu útborgun á íbúð, spara fyrir framtíðina, mögulega vilja eiga auka fjármagn þegar þau fara að eignast börn og þar að leiðandi kanna möguleika á framtíðarsparnaði fyrir börnin sín. Yngri

kynslóðin er í raun og veru að stíga sín fyrstu skref inn fullorðinsárin og fara að spá meira í fjármálum sínum, þar sem þau eru núna ábyrg fyrir fjármálum sínum en ekki foreldrar þeirra. Þessar ástæður lýsa vel þeirri niðurstöðu sem fékkst úr tölfræðiprófinu og útskýrir þann mun sem er á milli þessara tveggja aldurshópa þegar það kemur að þekkingu á sparnaðarmöguleikum á Íslandi.

Seinna óháða t-prófið var gert til þess að kanna hvort marktækur munur sé á einstaklingum með grunnskólapróf eða sambærilegt menntun á sparnaðarleiðum á Íslandi miðað við einstaklinga með meistaraþróf úr háskóla. Niðurstöður úr þeirri athugun voru þær að ekki væri marktækur munur á milli hópana. Ástæðu fyrir þeirri niðurstöðu er hægt að tengja að einhverju leyti við umræðu um niðurstöður hér að ofan. Aðgengi að netinu er alveg eins fyrir alla, óháð því hvað er hæsta menntunarstig einstaklinga. Flestir nú til dags hafa aðgengi að einhverskonar búnaði með aðgengi að neti, hvort sem það er farsími eða tölva (Office for National Statistics, 2018). Sömu sparnaðarmöguleikar eru aðgengilegir öllum hjá íslenskum börnum óháð menntunarstigi og því hafa allir einstaklingar jafn miklar líkur á því að sjá auglýsingu um þá bankareikninga sem eru í boði eða auðvelt er að fara inn á heimasíðu bankanna og kanna það sjálfir. Fræðsla á fjármálalæsi er tiltölulega takmörkuð hér á landi. Ef skoðuð er aðalnámskrá grunnskóla og framhaldsskóla á Íslandi kemur orðið fjármál og/eða fjármálalæsi mjög sjaldan fyrir. Í aðalnámskrá grunnskóla kemur orðið „fjármálalæsi“ einu sinni fyrir í kaflanum sjálfbærni, en það sama á við aðalnámskrá framhaldsskóla. Í aðalnámskrá framhaldsskóla finnum við einnig orðið „fjármál“ fimm sinnum en í samhengi stærðfræðinnar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013; Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011). Við getum séð að lítið er um kennslu í fjármálalæsi í íslenskum menntastofnunum. Samkvæmt lögum nr. 91/2008 um grunnskóla eru öll börn á aldrinum 6-16 ára hér á landi skyldugir til þess að sækja nám í grunnskóla (Lög um grunnskóla nr. 91, 2008, 3.gr.). Því ættu allir að búa yfir sömu grunn þekkingu, en það myndi skýra þá niðurstöðu að menntun einstaklinga hefur ekki áhrif á þekkingu þeirra á sparnaðarleiðum á Íslandi.

Sparnaðarhegðun Íslendinga

Ákveðið var einnig að kanna sparnaðarhegðun Íslendinga, en til þess að kanna það voru tvær spurningar lagðar fyrir. Í ljós kom að stór hópur eða yfir 50% þátttakenda sparar reglulega í hverju mánuði og stærsti hópur þátttakenda eða um 37% leggur um 10-20% tekna sína í sparnað í hverjum mánuði. Sú tala væri að einhverju leyti í samræmi við svo kallaða 50-30-20 regluna. Reglan gengur út á það að einstaklingar ættu að ráðstafa 50% tekna sína í fastan kostnað, 30% í skemmtun og áhugamál og 20% í sparnað (Whiteside, 2023). Áhugavert var að sjá að um

15% einstaklinga leggur meira en 20% í sparnað að meðaltali í hverju mánuði. Líklegt er að þeir einstaklingar eru í yngri aldursflokknum og búa því enn þá í foreldrahúsnæði, en þá gefst betra tækifæri til að spara reglulega og spara hærri upphæðum í hvert sinn.

Eftir framkvæmd á tölfræðiprófi þar sem kannað var hvort marktækur munur er á reglulegum sparnaði einstaklinga í hjónabandi miðað við einhleypa einstaklinga kom í ljós að marktækur munur er á milli hópanna tveggja. Hægt er að skýra þessa niðurstöðu með þeim upplýsingum sem fengist hafa í spurningum um laun einstaklinga annars vegar og samanlagðar tekjur heimilisins hins vegar. Þar kom í ljós að yfir 60% einstaklinga í sambúð eða hjónabandi hafa mánaðarlegar ráðstöfunartekjur yfir 901.000 kr en einungis 25% einhleypa einstaklinga hefur sömu upphæð til ráðstöfunar í hverjum mánuði. Þar sem einstaklingar í sambúð eða hjónabandi hafa oft meiri fé til ráðstöfunar í hverjum mánuði myndast betri möguleikar á því að hafa tók á því að spara reglulega. Síðast en ekki síst var áhugavert að sjá að um 28% þátttakenda sparar, en ekki í hverjum mánuði og 15% sparar ekki. Hér vaknar spurningin hverjar eru ástæður á bak við, tengist þessi óreglulegi/enginn sparnaður lágum tekjum einstaklinga eða er það niðurstaða lítils fjármálalæsis einstaklinga hér á landi. Fróðlegt væri að kanna það efni betur í framtíðar rannsóknum.

Hvaða áhrif hefur fjármálalæsi þegar horft er til fjárhagslega velgengni einstaklinga? Þegar horft er á niðurstöður spurningakönnunarinnar er hægt að álykta að fjárhagsleg velgengi einstaklinga á Íslandi er ágæt, en alls ekki fullkomin. Yfir 50% þátttakenda telur sig ná alltaf endum saman í lok mánaðarins, en einungis um 35% þátttakenda upplifir aldrei áhyggjur þegar kemur að því að borga fyrir vörur í matvöruverslun og getur alltaf leyft sér að fara út að borða án þess að lenda í fjárhagslegum erfiðleikum vegna þess. Þessar niðurstöður er að einhverju leyti í samræmi við niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB sem kom út í maí 2023 (Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir, 2023). Í þeirri spurningakönnun taldi rétt yfir 50% þátttakenda það mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt að ná endum saman. Þegar tenging á fjárhagslega velgengni einstaklinga miðað við fjármálalæsi þeirra var skoðað nánar kom í ljós að tengingin er til staðar. Hægt var að segja með 99% vissu að marktækur munur væri á hópnum. Þessi niðurstaða kemur ekki á óvart þar sem í fyrri rannsóknum hefur komið fram að einstaklingum sem búa yfir herra fjármálalæsi gengur betur fjárhagslega (Tahir o.fl., 2021). Við getum því sagt að fjármálalæsi hefur mikil áhrif á fjárhagslega velgengni einstaklinga.

Rannsakendum fannst þó líka mikilvægt að skoða hvort aðrar breytur geti einnig haft áhrif á fjárhagslega velgengni og fjárhagslegt öryggi einstaklinga. Bæði í tilvikum þar sem

fjárhagslega velgengni og fjárhagslegt öryggi var kannað með tilliti til einstaklinga í sambúð miðað við einhleypa einstaklinga kom í ljós að marktækur munur væri á hópunum. Eins og nefnt hefur verið áður í þessari rannsókn hafa einstaklingar í sambandi hærrí tekjur samanlagt og því auðveldara fyrir þá að leggja pening til hliðar og gengur betur fjárhagslega. Það að hafa tók á því að spara reglulega eykur einnig fjárhagslegt öryggi þar sem einstaklingar hafa það í huga að ef að einhver óvænt útgjöld koma upp eiga þau varasjóð sem hægt er að grípa í. Sú niðurstaða að fólk í sambandi er almennt betur sett fjárhagslega hefur nú komið upp nokkrum sinnum í þessari rannsókn og er það í samræmi við niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB (Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir, 2023).

Hverjar eru ástæður fyrir sparnaði Íslendinga, og eru þessar ástæður breytilegar eftir aldri og menntun?

Þegar ástæður fyrir sparnaði Íslendinga voru skoðaðar, þá stóðu þrjár ástæður upp úr. Vinsælasti svarmöguleikin sem valinn var oftast af þátttakendum var að „geta mætt óvæntum útgjöldum“, sú niðurstaða kemur rannsakendum ekki á óvart þar sem það að eiga varasjóð býr til einhverskonar öryggi í lífinu. Lífið kemur okkur oft á óvart og gott er að vera undirbúin undir allt, en auka varasjóður getur oft hjálpað okkur að bregðast við óvæntum upþákomum. Næsta ástæða sem valin var tiltölulega oft var „fyrir öryggi í framtíðinni/fyrir elliárin“. Á Íslandi er skylda að borga hluta af launum sínum í lífeyrissjóð (Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129., 1997) til þess að tryggja einstaklingum áframhaldandi tekjur þegar komið er á elliárin. Sú upphæð sem greidd er þegar einstaklingar fara á eftirlaun er í flestum tilfellum lægri en þær tekjur sem einstaklingur eru búinn að vinna sig upp í í gegnum árin á vinnumarkaðnum (Almenni Lífeyrissjóðurinn, 2014). Því kjósa margir að spara aukalega fyrir elliárin á eigin vegum til þess að geta haldið lífskjörum sínum á sama stað þegar farið er á eftirlaun. Eins og kom fram í hlutfallstekjuketningunni Dusenbery (1949) eiga einstaklingar erfitt með að lækka lífskjör sín þegar komið er á ákveðið stig. Því tryggir þessi aukalegi sparnaður einstaklingum aðgengi að aukafjármagni ef lífeyrissparnaður dugur ekki eða þegar þörf er á því vegna aðra ástæðna. Ástæða sem valin var oftast en ástæða rædd hér á undan var „fyrir ferðalög“. Hér kemur upp sú spurning hvort sá valmöguleiki var aðallega valinn af yngri kynslóðinni, þar sem nú eru ferðalög vinsælli en nokkru sinni áður (Blackall, 2019). Til þessa að geta svarað þeirri spurningu og með því síðustu rannsóknarspurningu ritgerðarinnar var farið í frekari greiningu. Þegar svörum um ástæður fyrir sparnaði var skipt eftir aldri komu áhugaverðar niðurstöður í ljós. Niðurstöðum var skipt í tvo flokka, einstaklinga 35 ára og yngri annars vegar og einstaklinga 36 ára og eldri hins

vegar. Ástæða „fyrir ferðalög” skiptist nánast til helminga á milli aldurshópa, sem segir okkur það að aldur við þessa ástæðu hefur ekki áhrif og allir eru jafn líklegir til þess að spara fyrir ferðalögum. Íslendingar ferðast mikið og oft og tíðum oftar en einu sinni á ári (Oddný Þóra Óladóttir, 2023). Við þráum sólina sem oft er skortur á hér á landi, en einnig er mjög vinsælt að ferðast til útlanda í svokallaðar verslunarferðir (Andrea Káradóttir, 2015). Mesta mun á svarhlutfalli var hægt að sjá við valmöguleikann „fyrir húsnæði”, en þar er yngri aldursflokkurinn um þrisvar sinnum hærri en sú eldri. Miðað við nýjustu upplýsingar er meðalaldur við kaup á fyrstu íbúð á Íslandi um 30 ára (Fasteignaskrá, 2023). Þessar niðurstöður eru því í samræmi við þær upplýsingar. Einstaklingar 36 ára og eldri eru í flestum tilvikum búnir að eignast sínu fyrstu eign og því er sú ástæða ekki í fyrirrúmi hjá þeim hópi. Aftur á móti einstaklingar 35 ára og yngri eru í mörgum tilvikum að stíga sín fyrstu skref á húsnæðismarkaðnum og því verður mikil þörf hjá þeim að safna fyrir útborgun á íbúð. Niðurstöður sýndu einnig fram á það að einstaklingar 36 ára og eldri eru hlutfallslega líklegri til þess að spara fyrir framtíðina og óvæntum útgjöldum en einstaklingar 35 ára og yngri. Ástæða fyrir því getur verið sú að á þeim aldri eru langflestir fluttir að heiman, búnir að eignast fjölskyldur og fara að velta þessum hlutum meira fyrir sér en yngri einstaklingar. Einstaklingar 35 ára og yngri eru líklegri til þess að búa ennþá í foreldrahúsum (Hagstofa Íslands, 2023), vera í námi og ekki ennþá á þeim stað í lífinu að vilja eignast börn og fjölskyldu. Þess vegna eru þessar ástæður ólíklegri til þess að koma upp sem sparnaðar ástæður hjá þeim. Eitt sem var áhugavert að sjá var það að einstaklingar 36 ára og eldri væru líklegri til þess að spara ekki. Forvitnilegt gæti verið að skoða það nánar í framtíðinni. Við getum því dregið þá ályktun að aldur hefur áhrif á það hverjar eru helstu ástæður fyrir sparnaði hjá einstaklingum á Íslandi.

Þegar skoðað var hvernig menntunarstig hefur áhrif á ástæður fyrir sparnaði kom í ljós að einstaklingar með grunnnám úr háskóla eða hærra menntunarstig eru um helmingi líklegri, en einstaklingar með stúdentspróf eða lægra menntunarstig, til þessa að spara fyrir sex af níu ástæðum sem gefið var upp. Vert er þó að nefna að sá hópur var einnig um helming hærri í flokknum „spara ekki”, sem rannsakendur eiga erfitt með að finna útskýringu á. Líklegt er að einstaklingar með grunnnám úr háskóla eða hærra menntunarstig hafa meiri þekkingu á sviði fjármála og kunna því að nýta sér hana betur. Það að fara í nám á hærra stigi getur oft verið kostnaðarsamt og krefst þess í mörgum tilvikum að einstaklingar sem stefna á háskólanám þurfa að spara fyrir því fyrst. Háskólanám er tímafrekt og kostnaðarsamt, nánast ómögulegt er að vera í 100% starfi með háskólanámi og sinna skólanum á sama tíma. Fáir einstaklingar fara þá leið og því eru flestir einungis í hlutastörfum eða einbeita sér eingöngu að náminu. Þess vegna þegar farið er í háskólanám þarf að huga að fleiru en einungis skólagjöldum, nemendur

þurfa til dæmis húsnæði til að búa í. Einnig ýmis annar kostnaður sem standa þarf frammi fyrir eins og fæðiskostnaður, kostnaður við námsbækur og annað námsefni. Námið í dag fer að miklu leyti fram rafrænt sem þýðir að þörf er á til dæmis fartölvu eða svipuðu tæki. Áður en farið er í meira nám þarf að velja þessum atriðum fyrir sér og einstaklingar þurfa oft að spara fyrir því fyrst. Það getur verið ástæða fyrir því af hverju einstaklingar með grunnám úr háskóla eða hærra menntunarstig eru líklegri til að spara þar sem þeir þurftu að kynna sér þá möguleika áður en haldið var áfram í frekari nám og eru líklegri til þess að nýta sér þá þjónustu sem er í boði að spara aftur að námi loknu. Þekking á sviði fjármála getur einnig tengst fjárhagslegum bakgrunni foreldra einstaklings. Börn, sem eiga foreldra sem hafa klárað grunnám í háskóla eða hærra menntunarstig, eru líklegri til þess að klára nám á hærra stigi í framtíðinni (Dubow o.fl., 2009). Uppeldi hefur mikil áhrif á okkur og fullorðinsárin okkar. Fjárhagslega ábyrgir foreldrar eru líklegri til þess að miðla þessari þekkingu til barnanna sína og í kjölfarið hafa þessir einstaklingar meiri þekkingu á fjármálum frá unga aldri (Grohmann o.fl., 2015). Fjölskylduaðstæður eru því önnur möguleg skýring af hverju menntunarstig hefur áhrif á helstu ástæður fyrir sparnaði einstaklinga. Við getum því séð að menntunarstig hefur mikil áhrif á það hverjar helstu ástæður fyrir sparnaði einstaklinga eru.

6.1 Takmarkanir

Rannsókn þessi er háð ýmsum takmörkunum. Til að byrja með var könnunin einungis sett fram á íslensku og af því leiðir að hún nær ekki til aðila sem ekki eru íslenskumælandi. Mögulegt er ef könnun væri lögð fram á ensku þá væri fjöldi þátttakenda meiri. Aðrir erfiðleikar sem við lentum í var kynjahlutfall þátttakenda könnunarinnar en ástæða fyrir því gæti verið sú að á heimilum á Íslandi eru konur með hlutfallslega meiri umsjón á fjármunum heimila heldur en karlar. Önnur ástæða gæti verið að könnunin náði ekki til jafnmarga karla og kvenna þar sem henni var deilt á Facebook og til vina og vandamanna sem eru hlutfallslega fleiri konur í þessu tilfelli.

Í framhaldi mætti kanna þekkingu einstaklinga á Íslandi með öðruvísi hætti, en rannsakendur myndu leggja til þá hugmynd að í stað þess að spyrja þátttakendur í netkönnuninni hvað þau telja að þekking þeirra sé að hafa þann hluta netkönnunarinnar í formi prófs. Hægt væri þá að búa til spurningar út frá fræðilegu efni sem tengist sparnaðarleiðum og/eða fjármálalæsi. Dæmi um spurningu væri „Hver er skilgreiningin á hugtakinu „bundinn reikningur“?“, þátttakandi fær um 4-5 svarmöguleika til þess að velja úr og hver svarmöguleiki er dæmi um skilgreiningu á bundnum reikningum en einungis einn þeirra er réttur. Með þeim hætti væri betra að mæla fjármálalæsi einstaklinga hér á landi. Takmörkun sem mögulega yrði

til við það að setja netkönnunina upp á þann hátt væri sú að þátttakendur geta leitað eftir svörum á netinu í stað þess að svara eftir bestu getu, en það myndi skekkja niðurstöður.

6.2 Áframhaldandi rannsóknir

Öll þau viðfangsefni sem skoðuð voru í þessari rannsókn væri fróðlegt að skoða nánar í framtíðarrannsóknum. Rannsakendur leggja til nokkrar hugmyndir af efni sem áhugavert væri að skoða nánar. Til að byrja með væri merkilegt að skoða samband á milli þess að einstaklingar í sambandi búa almennt yfir meiri fjárhagslegu öryggi, gengur betur fjárhagslega og eru líklegri til þess að spara reglulega. Þessi niðurstaða kom fram nokkrum sinnum í þessari rannsókn þegar bornir voru saman einstaklingar í sambandi miðað við einhleypa einstaklinga. Jafnframt væri fróðlegt að kanna stöðu á Íslandi hvað varðar meðal mánaðarlegar ráðstöfunartekjur einstaklinga og hvort þær tekjur dugi fyrir almennum mánaðarlegum útgjöldum. Í niðurstöðum könnunarinnar kom fram að stór hluti þátttakenda sparar ekki reglulega eða sparar aldrei. Hægt væri að kanna það hverjar eru ástæður á bak við það, hvort það tengist fjármálalæsi einstaklinga eða mögulega lágum tekjum einstaklinga. Síðast en ekki síst kom í ljós að einstaklingar 36 ára og eldri eru líklegri til þess að spara ekki en einstaklingar 35 ára og yngri. Fróðlegt væri að kanna hvort það sé raunveruleg staða á Íslandi í dag og hverjar eru ástæður á bak við það.

7. Lokaorð

Samkvæmt bestu vitund rannsakenda hafa fáar rannsóknir verið gerðar sem kanna sparnaðarhegðun einstaklinga á Íslandi og þekkingu þeirra á þeim sparnaðarleiðum sem standa til boða. Áhugi fyrir þessu viðfangsefni vaknaði hjá rannsakendum eftir að þeir hófu nám í viðskiptafræði og fengu meiri fræðslu á sviði fjármála. Rannsakendur voru fljótir að átta sig á því að þekkingin á mörgum grunnhugtökum sem snerta fjármál, hvort sem það tengist sparnaði, lántökum eða fjárfestingum, er í mörgum tilvikum mjög takmörkuð í okkar samfélagi. Þetta vakti því áhuga rannsakenda til þess að skoða þetta efni nánar.

Athugun okkar á stöðu einstaklinga á Íslandi hvað varðar þekkingu þeirra á sparnaðarleiðum, sýnir að þekkingin er almennt góð en gæti verið betri. Áhugavert væri þó að athuga þá þekkingu með öðrum hætti, mögulega taka viðtöl við einstaklinga með mismunandi bakgrunn og leggja fyrir þá próf sem kannar þessa þekkingu betur. Að mati rannsakenda ætti fjármálalæsi að vera stærri hluti af aðalnámskrá grunnskóla til þess að börn strax frá unga aldri tileinki sér þessa þekkingu, læri hvernig á að fara með peninga og þekki þær ýmsu leiðir sem standa til boða þegar það kemur að því að leggja pening sinn í sparnað. Hagkerfið okkar hefur

alltaf verið, er og verður áfram sveiflukennt og því mikilvægt að þekkja leiðir til að auka fjárhagslegt öryggi. Reglulegur sparnaður er góð undirstaða að fjárhagslegu öryggi, en einnig mögulega fjárhagslegri velgengni þar sem einstaklingar sem setja reglulega ákveðinn hlut tekna sína í sparnað velta meira fyrir sér hvert peningur þeirra fer.

Eins og kom fram í niðurstöðum rannsóknarinnar er jákvæð fylgni milli fjármálalæsis og fjárhagslegrar velgengni. Fjárhagslega velgengni einstaklinga í landinu mun í kjölfarið hafa jákvæð áhrif á hagkerfið í tilteknu landi. Þess vegna skiptir miklu máli að tryggja öllum menntun í fjármálalæsi og ekki væri verra að auka vægi kennslu í fjármálalæsi í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Mögulega væri nóg að bæta við því fagi á unglingsstigi í grunnskóla þar sem lang oftast á þeim aldri fá börnin sitt fyrsta starf og eiga því hærra upphæðir til ráðstöfunar en áður. Þegar horft er á jákvæðu hliðina er aðgengi að upplýsingum í dag orðið mjög gott með tilkomu snjalltækja sem flestir eiga og nettengingar sem til er á flestum heimilum. Einstaklingar sem vilja afla sér nýrra upplýsinga geta gert það, í flestum tilvikum þeim að kostnaðarlausu. Umræða um fjármálalæsi hefur verið fyrirferðarmeiri hér á landi á síðustu árum en nokkurn tímann áður. Hægt er að finna bækur sem skrifaðar eru á íslensku, á auðveldu máli sem allir skilja, án þess að notuð séu fræðileg hugtök, sem útskýra fjármál og hugtök sem tengjast því. Á flestum hlaðvarpsveitum er hægt að finna íslensk hlaðvörp sem ræða ýmis mál tengt fjármálum, og síðast en ekki síst eru til fjölmargar síður á samfélagsmiðlum sem snúa að fjármálum og koma reglulega með áhugaverðan fróðleik tengt því.

Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að staða á þekkingu einstaklinga á Íslandi á þeim sparnaðarleiðum sem standa til boða er almennt góð, enn þó er töluverður hluti einstaklinga hér á landi sem hefur takmarkaða eða enga þekkingu á því sviði. Það sama á við sparnaðarhegðun einstaklinga, en ljóst er að einstaklingar í sambandi eiga yfirleitt auðveldara með að spara og búa yfir meiri fjárhagslegu öryggi. Að því sögðu leggja rannsakendur til að stjórnvöld leggi meiri áherslu á fjármálalæsi í menntakerfinu á Íslandi, þar sem það getur haft í för með sér jákvæð áhrif á hagkerfið til lengri tíma. Spennandi verður að sjá á næstu áratugum hvort fjármálalæsi muni aukast í samfélaginu okkar.

Heimildaskrá

Adler, A. (2015). *The Education of Children*. Routledge.

Almenni Lífeyrissjóðurinn. (2014, 1. febrúar). Góð eftirlaun koma ekki af sjálfu sér.

Almenni.is. <https://www.almenni.is/wp-content/uploads/Góð-eftirlaun-koma-ekki-af-sjálfu-sér.pdf>

Ackley, G. (1951). Review of Income, Saving, and the Theory of Consumer Behavior

[Review of Review of Income, Saving, and the Theory of Consumer Behavior, by J. S. Duesenberry]. *The Review of Economics and Statistics*, 33(3), 255–257.

<https://doi.org/10.2307/1926590>

Amalía Björnsdóttir og Berglind Gísladóttir. (2021). Algengar aðferðir í lýsandi tölfræði og

álýktunartölfræði. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir: Handbók í aðferðafræði* (bls. 455–470). Háskólinn á Akureyri.

Andrea Káradóttir. (2015). Verslunarferðir Íslendinga erlendis [Bakkalárritgerð, Háskóli

Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/21178>

Archived: WHO Timeline - COVID-19. (2020, 27. apríl). World Health Organization.

<https://www.who.int/news/item/27-04-2020-who-timeline---covid-19>

Arionbanki. (e.d.). Spurt og svarað - Arion banki. Sótt 7. maí 2023, af

<https://www.arionbanki.is/markadir/sjodir/spurt-og-svarad/>

Attinasi, M. G., Bobasu, A. og Manu, A.-S. (2021). The implications of savings accumulated during the pandemic for the global economic outlook. *ECB Economic Bulletin*, 5.

https://www.ecb.europa.eu/pub/economic-bulletin/focus/2021/html/ecb.ebbox202105_01~f40b8968cd.en.html

Áhætta fjármálagerna. (e.d.). Arctica Finance. <https://www.arctica.is/upplýsingar/ahaetta/>

Bankareikningar - Hvaða reikningur hentar þér? (e.d.). Landsbankinn.is. Sótt 29. apríl 2023,

af <https://www.landsbankinn.is/einstaklingar/sparnadur/bankareikningar>

- Banton, C. (2021, 26. mars). *Cost of Living: Definition, How to Calculate, Index, and Example*. Investopedia. <https://www.investopedia.com/terms/c/cost-of-living.asp>
- Barone, A. (2020, 23. september). Risk Profile: Definition, Importance for Individuals & Companies. Investopedia. <https://www.investopedia.com/terms/r/risk-profile.asp>
- Barros, C. P. og Garcia, M. T. M. (2006). Performance Evaluation of Pension Funds Management Companies with Data Envelopment Analysis. *Risk Management and Insurance Review*, 9(2), 165–188. <https://doi.org/10.1111/j.1540-6296.2006.00092.x>
- Bennett- Kapusniak, R. (2015). Baby boomers and technology: Factors and challenges in utilizing mobile devices [Ph.D., The University of Wisconsin - Milwaukee]. Í ProQuest Dissertations and Theses. <https://www.proquest.com/docview/1756771033/abstract/620F761044424D82PQ/1>
- Blackall, M. (2019). Global tourism hits record highs - but who goes where on holiday? The Guardian. <https://www.theguardian.com/news/2019/jul/01/global-tourism-hits-record-highs-but-who-goes-where-on-holiday>
- Britannica Academic. (2009, 30. Júni). Savings. <https://academic.eb.com/levels/collegiate/article/saving/65935/history>
- Chen, J. (2022a, 20. mars). Time Deposit: Definition, How It's Used, Rates, and How to Invest. Investopedia. <https://www.investopedia.com/terms/t/termdeposit.asp>
- Chen, J. (2022b, 20. september). Risk: What It Means in Investing, How to Measure and Manage It. Investopedia. <https://www.investopedia.com/terms/r/risk.asp>
- Deaton, A. S. (2005). Franco Modigliani and the Life Cycle Theory of Consumption. SSRN Electronic Journal. <https://doi.org/10.2139/ssrn.686475>
- Dhawan, D. og Mehta, S. (2019). Saving and Investment Pattern: Assessment and Prospects. *ACRN Journal of Finance and Risk Perspectives*, 8, 123–132. <https://doi.org/10.35944/jofrp.2019.8.1.008>

Dimock, M. (2019, 17. janúar). Defining generations: Where Millennials end and Generation Z begins. Pew Research Center. <https://www.pewresearch.org/short-reads/2019/01/17/where-millennials-end-and-generation-z-begins/>

Dregur úr hagvexti og verðbólga eykst. (2022). Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2022/05/27/Dregur-ur-hagvexti-og-verdbolga-eykst/>

Dubow, E. F., Boxer, P. og Huesmann, L. R. (2009). Long-term Effects of Parents' Education on Children's Educational and Occupational Success: Mediation by Family Interactions, Child Aggression, and Teenage Aspirations. *Merrill-Palmer quarterly* (Wayne State University. Press), 55(3), 224–249. <https://doi.org/10.1353/mpq.0.0030>

Dusenberry, J. S. (1949). *Income Saving And The Theory Of Consumer Behavior*. Harvard University Press. <http://archive.org/details/in.ernet.dli.2015.84155>

Eiríkur Guðnason. (1989). Bindiskylda. *Fjármálatíðindi*, 15–26.

Elmarraji, J. (2022). *How Savings Can Save the Economy*. Investopedia. <https://www.investopedia.com/financial-edge/0310/savings-are-a-blessing-in-a-slow-recovery.aspx>

Fang, M., Li, H. og Wang, Q. (2021). Risk tolerance and household wealth--Evidence from Chinese households. *Economic Modelling*, 94, 885–895. <https://doi.org/10.1016/j.econmod.2020.02.029>

Fasteignaskrá. (2023). Meðalaldur fyrstu kaupenda. Sótt 5. maí 2023 af <https://fasteignaskra.is/gogn/fasteignagattin/fasteignavidskipti/fyrstu-kaupendur/medalaldur-fyrstu-kaupenda>

Fisher, P. og Anong, S. (2013). Relationship of Saving Motives to Saving Habits. *Journal of Financial Counseling and Planning*, 23(1), 63–79. <https://ssrn.com/abstract=2222006>

Fjármála- og efnahagsráðuneytið. (2021). Úttekt séreignar og fleiri úrræði samþykkt á Alþingi. Stjórnarráð Íslands. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/05/12/Uttekt-sereignar-og-fleiri-urraedi-samthykkt-a-Althingi/>

- Frjálsi lífeyrissjóðurinn. (e.d.). Viðbótarsparnaður. Frjálsi.is. Sótt 7. maí 2023, af <https://www.frjalsi.is/vidbotarsparnadur/>
- Friedman, M. (1937). The Use of Ranks to Avoid the Assumption of Normality Implicit in the Analysis of Variance. *Journal of the American Statistical Association*, 32(200), 675–701. <https://doi.org/10.1080/01621459.1937.10503522>
- Friedman, M. (1957). The Permanent Income Hypothesis. Í *A Theory of the Consumption Function* (bls. 20–37). Princeton University Press. <https://www.nber.org/books-and-chapters/theory-consumption-function/permanent-income-hypothesis>
- Garg, N. og Singh, S. (2018). Financial literacy among youth. *International Journal of Social Economics*, 45(1), 173–186. <https://doi.org/10.1108/IJSE-11-2016-0303>
- Gersovitz, M. (1988). Saving and development. Í H. Chenery og N. T. Srinivasan (ritstj.), *Handbook of Development Economics* (bindi 1, bls. 381–424). Elsevier Science. [https://doi.org/10.1016/S1573-4471\(88\)01013-7](https://doi.org/10.1016/S1573-4471(88)01013-7)
- Gildi lífeyrissjóður. (2022). Fjárfestingarleiðir. Sótt 06. maí 2023, af <https://www.gildi.is/sereign/fjarfestingarleidir/>
- Grohmann, A., Kouwenberg, R. og Menkhoff, L. (2015). Childhood roots of financial literacy. *Journal of Economic Psychology*, 51, 114–133. <https://doi.org/10.1016/j.joep.2015.09.002>
- Gunnar Baldvinsson. (e.d.). Viðbótarlífeyrissparnaður. Umboðsmaður skuldara. <https://www.ums.is/is/frodleikur-um-fjarmal/vidbotarlifeyrissparnadur-1>
- Hagstofa Íslands. (2021). Líflíkur á Íslandi með þeim mestu í Evrópu. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/danir-2020/>
- Hagstofa Íslands. (2022, 15. mars). Mikill munur á lífskjörum eftir stöðu á húsnæðismarkaði. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/lifskjor-heimila-2021/>
- Hagstofa Íslands. (2023, 4. janúar). Rúmlega helmingur fólks á aldrinum 18-24 ára í foreldrahúsum. <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinumarkadur/ungt-folk-utan-vinumarkadar/>

Hartig, T., Catalano, R., Ong, M. og Syme, S. L. (2013). Vacation, Collective Restoration, and Mental Health in a Population. *Society and Mental Health*, 3(3), 221–236.
<https://doi.org/10.1177/2156869313497718>

Íslandsbanki. (e.d.). Séreignarsparnaður. Sótt 7. maí 2023, af
<https://www.islandsbanki.is/is/flokkur/sparnadur/sereignarsparnadur>

Íslandssjóðir. (2022). Hlutabréfasjóðurinn - Útboðslýsing.
<https://www.islandssjodir.is/library/Files/Sjodir/-utbodslysingar/Hlutabrefasjodurinn.pdf>

Jetzek Hansdóttir, Þ. (1998). Sparnaður á Íslandi. *Fjármálatíðindi*, 45.árgangur síðara hefti, 101–120.

Kenton, W. (2021). Nominal Interest Rate: Formula, What It Is vs. Real Interest Rate. Investopedia. <https://www.investopedia.com/terms/n/nominalinterestrate.asp>

Kim, M. og Woo, H. (2022). *Redefining Multicultural Families in South Korea: Reflections and Future Directions*. Rutgers University Press.

Kim, Y., Dykema, J., Stevenson, J., Black, P. og Moberg, D. P. (2018). Straightlining: Overview of Measurement, Comparison of Indicators, and Effects in Mail–Web Mixed-Mode Surveys. *Social Science Computer Review*, 37(2), 214–233.
<https://doi.org/10.1177/0894439317752406>

Klement, J. (2015). *Investor Risk Profiling: An Overview*. CFA Institute Research Foundation.

Landsbankinn. (2023, 31. mars). Ávöxtunarleiðir - Viðbótarlífeyrissparnaður - Einstaklingar. Landsbankinn.is. Sótt 7. maí 2023, af
<https://www.landsbankinn.is/einstaklingar/vidbotarlifeyrissparnadur/avoxtnunarleidir>

Lánamál ríkisins. (e.d.). Innlendar fjármálastofnanir. Sótt 29. apríl 2023, af
<https://www.lanamal.is/um-lanamal-rikisins/ahugaverdir-tenglar/-innlendar-fjarmalastofnanir>

Lee, J. M. og Hanna, S. D. (2015). Savings Goals and Saving Behavior From a Perspective of Maslow's Hierarchy of Needs. *Financial Counseling and Planning*, 26(2), 129–147. <https://doi.org/10.1891/1052-3073.26.2.129>

Leiðbeiningar um rafræn skil - Fyrsta íbúð - Kafli 6. (e.d.). rsk.is. Sótt 1. maí 2023, af <https://leidbeiningar.rsk.is/frodi/?cat=1302&id=18053&k=6>

Lífeyrismál. (2023). Lífeyrissjóðaskrá 2023. Lífeyrismál.is. Sótt 6. maí 2023, af <https://www.lifeyrismal.is/is/lifeyrissjodir-og-avoxton/sjodirnir>

Lög um grunnskóla nr. 91. (2008). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129. (1997). <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1997129.html>

Mankiw, N. G. og Taylor, M. P. (2017). *Economics* (Fourth edition). Cengage Learning.

Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir. (2023). Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Varða - Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins. https://www.rannvinn.is/_files/ugd/61b738_d374c368e62840c395fde0805dfc6635.pdf

McGregor, T., Suphaphiphat, N. og Toscani, F. (2022, 10. febrúar). *Europe's Consumers are Sitting on 1 Trillion Euros in Pandemic Savings*. IMF. <https://www.imf.org/en/Blogs/Articles/2022/02/10/europes-consumers-are-sitting-on-1-trillion-euros-in-pandemic-savings>

Meginvextir SÍ. (e.d.). Seðlabanki Íslands. Sótt 29. apríl 2023, af <https://www.sedlabanki.is/annad-efni/meginvextir-si/>

Menntamálaráðuneytið. (2002). Íslenska skólakerfið. Menntamálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/islenskaskolakerfid.pdf>

Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2013). Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011 og greinasvið 2013 (3. útg. með breytingum 2016, ágúst 2019, nóvember

- 2021). Sótt 5. maí 2023 af
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab0>
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011). Aðalnámskrá framhaldsskóla: Almennur hluti 2011 (2. útg. með breytingum 2015). Sótt 5. maí 2023 af
<https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/namskrar/#Tab1>
- Modigliani, F. (1986). Life Cycle, Individual Thrift, and the Wealth of Nations. *The American Economic Review*, 76(3), 297–313.
- Muendler, M.-A. (2008). Risk-neutral investors do not acquire information. *Finance Research Letters*, 5(3), 156–161. <https://doi.org/10.1016/j.frl.2008.04.001>
- Mundargi, Z. K., Bodhankar, A., Mahajan, A., Prasad, D., Mahajan, S. og Dhakalkar, R. (2023). Bank Fixed Term Deposit analysis using Bayesian Logistic Regression. 2023 International Conference for Advancement in Technology (ICONAT), 1–4.
<https://doi.org/10.1109/ICONAT57137.2023.10080695>
- Nýting séreignarsparnaðar. (e.d.). Skatturinn. Sótt 29. apríl 2023, af
<https://www.skatturinn.is/einstaklingar/skattamal/nyting-sereignarsparnadar/>
- Oddný Þóra Óladóttir. (2023). Ferðalög Íslendinga 2022 og ferðaáform þeirra 2023. Ferðamálastofa. <https://www.ferdamalastofa.is/is/gogn/utgafur/utgefingefni/ferdavenjur/ferdalog-islendinga-2022-og-ferdaaform-theirra-2023>
- Office for National Statistics. (2018). Internet access – households and individuals, Great Britain: 2018. <https://backup.ons.gov.uk/wp-content/uploads/sites/3/2018/08/Internet-access-households-and-individuals-Great-Britain-2018.pdf>
- Oner, C. (2010). Back to Basics: What Is Inflation? *Finance & Development*, 47(001).
<https://doi.org/10.5089/9781451922257.022.A017>
- Ozili, P. K. og Arun, T. (2023). Spillover of COVID-19: Impact on the Global Economy. Í *Managing Inflation and Supply Chain Disruptions in the Global Economy* (bls. 41–61). IGI Global. <https://doi.org/10.4018/978-1-6684-5876-1.ch004>

- Pettinger, T. (2021, 6. janúar). *Factors that influence saving levels*. Economics Help. <https://www.economicshelp.org/blog/146244/economics/factors-that-influence-saving-levels/>
- Private Saving*. (1999). Treasury.gov.au. <https://treasury.gov.au/publication/economic-roundup-spring-1999/private-saving>
- Ragnheiður Harpa Arnardóttir. (2021). Aðferðafræði megindlegra rannsókna: yfirlit yfir helstu rannsóknarsnið. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstj.), *Rannsóknir: handbók í aðferðafræði* (bls. 407–427). Háskólinn á Akureyri.
- Ribaj, A. og Mexhuani, F. (2021). The impact of savings on economic growth in a developing country (the case of Kosovo). *Journal of Innovation and Entrepreneurship*, 10(1). <https://doi.org/10.1186/s13731-020-00140-6>
- Ross, A. og Willson, V. L. (2017). One-Way Anova. Í *Basic and Advanced Statistical Tests: Writing Results Sections and Creating Tables and Figures* (bls. 21–24). SensePublishers. https://doi.org/10.1007/978-94-6351-086-8_5
- Samanburður á bankareikningum. (e.d.). Aurbjörg. Sótt 29. apríl 2023, af <https://aurbjorg.is/savings>
- Samtök Starfsmanna Fjármálafyrirtækja. (e.d.). Launagreiðendur. Sótt 7. maí 2023, af <https://www.ssf.is/um-ssf/launagreidendur/>
- Seðlabanki Íslands. (e.d.-a). Hugtök og skýringar. Sótt 6. maí 2023, af <https://www.sedlabanki.is/um-sedlabankann/kynningarefni/hugtok-og-skyringar/>
- Seðlabanki Íslands. (e.d.-b). *Verðbólga*. Sótt 11. maí 2023, af <https://www.sedlabanki.is/annad-efni/verdbolga/>
- Seðlabanki Íslands. (2017). Peningamál (bls. 51–54). https://www.sedlabanki.is/library/Skraarsafn/Peningamal/2017/Mai-2017/PM2017_R1.pdf
- Segal, T. (2022). What Is Diversification? Definition as Investing Strategy. Investopedia. <https://www.investopedia.com/terms/d/diversification.asp>

Séreignarsparnaður er launahækkun. (e.d.). Landsbankinn.is. Sótt 29. apríl 2023, af <https://www.landsbankinn.is/einstaklingar/vidbotarlifeyrissparnadur>

Sood, D. (2015). A Study of Saving and Investment Pattern of Salaried Class People With Special Reference To Chandigarh (India). *International Journal of Research in Engineering, IT and Social Sciences*, 5(2), 1–15.

Stuðningur við íbúðakaup. (e.d.). Sótt 29. apríl 2023, af <https://www.stjornarradid.is/verkefni/husnaedis-og-mannvirkjamal/studningur-vid-ibudakaup/>

Tahir, M. S., Ahmed, A. D. og Richards, D. W. (2021). Financial literacy and financial well-being of Australian consumers: a moderated mediation model of impulsivity and financial capability. *The International Journal of Bank Marketing*, 39(7), 1377–1394. <https://doi.org/10.1108/IJBM-09-2020-0490>

Teitur Páll Reynisson. (2021, 3. maí). Þetta er gott að vita áður en þú kaupir í sjóði. Landsbankinn.is. <https://www.landsbankinn.is/umraedan/fraedsla/thetta-er-gott-ad-vita-adur-en-thu-kaupir-i-sjodi>

Verðbólga. (e.d.). Seðlabanki Íslands. <https://www.sedlabanki.is/peningastefna/verdbolgumarkmid/verdbolga/>

Viðbrögð á Íslandi - til 2022. (2022). covid.is. <https://www.covid.is/undirflokkar/vidbrogd-a-islandi>

Webley, P. og Nyhus, E. K. (2013). Economic socialization, saving and assets in European young adults. *Economics of Education Review*, 33, 19–30. <https://doi.org/10.1016/j.econedurev.2012.09.001>

Whitbourne, S. K. og Willis, S. L. (2014). *The Baby Boomers Grow Up: Contemporary Perspectives on Midlife*. Psychology Press.

Whiteside, E. (2023, 24. mars). The 50/30/20 Budget Rule Explained With Examples. Investopedia. Sótt 5. maí 2023, af <https://www.investopedia.com/ask/answers/022916/what-502030-budget-rule.asp>

Þorgeir Örlygsson, Benedikt Bogason, og Eyvindur Grétar Gunnarsson. (2009). Kröfuréttur: efndir kröfu. 1. Codex.

Þorlákur Karlsson. (2015, 10. nóvember). Hvað er Likert-kvarði sem notaður er í spurningakönnunum? Vísindavefurinn. <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=55977>

Þorlákur Karlsson og Þórólfur Þórlindsson. (2022). Spurt og svarað: aðferðafræði spurningakannana. Mál og menning.

Viðaukar

Viðauki A: Spurningalisti netkönnunar

Sparnaðarhegðun Íslendinga

Kæri þátttakandi,

Við heitum Dominika Ewa Ostaszewska og Ksenia Zadorozhnya og erum nemendur í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Við erum að vinna að lokaverkefni okkar fyrir BSc í viðskiptafræði undir leiðsögn Heiðrúnu Ingrid Hlíðberg og fjallar verkefnið um þekkingu Íslendinga á þeim sparnaðarleiðum sem standa til boða á Íslandi og helstu ástæðum fyrir sparnaði Íslendinga.

Það tekur um 3-5 mínútur að svara könnuninni.

Ef það eru einhverjar spurningar varðandi könnunina þá er velkomið að senda fyrirspurn á dominika20@ru.is eða ksenia19@ru.is.

ATH. Þessi könnun er nafnlaus og því ekki hægt að rekja svör til einstaka þátttakenda. Þér ber ekki skylda til að taka þátt í þessari rannsókn og getur því hætt við hvenær sem er. Við kunnum þó að meta hvert framlag.

Með bestum þökkum fyrir þátttökuna,

Dominika Ewa Ostaszewska

Ksenia Zadorozhnya

Þekking Íslendinga á sparnaðarleiðum og sparnaðarhegðun

1. Hversu góð eða slæm telur þú að þekkingin þín á sparnaðarmöguleikum á Íslandi sé?
 - Mjög góð
 - Frekar góð
 - Hvorki góð né slæm
 - Frekar slæm
 - Mjög slæm
2. Hversu mikla eða litla þekkingu hefur þú á hugtakinu „sparnaður“?
 - Mjög mikla þekkingu
 - Frekar mikla þekkingu
 - Hvorki mikla né litla
 - Frekar litla þekkingu
 - Mjög litla þekkingu
3. Þekkir þú muninn á bundnum og óbundnum reikningnum?
 - Já, mjög vel
 - Já, að einhverju leyti
 - Nei, en langar að þekkja muninn
 - Nei, hef ekki áhuga á því
 - Vil ekki svara

4. Þekkir þú muninn á verðtryggðum og óverðtryggðum reikningum?
 Já, mjög vel
 Já, að einhverju leyti
 Nei, en langar að þekkja muninn
 Nei, hef ekki áhuga á því
 Vil ekki svara
5. Þekkir þú til viðbótarlífeyrissparnaðar?
 Já, þekki það vel
 Já, að einhverju leyti
 Nei, en langar að kynna mér meira
 Nei, hef ekki áhuga á því
 Vil ekki svara
6. Greiðir þú í viðbótarlífeyrissparnað?
 Já
 Nei
 Veit ekki
 Vil ekki svara
7. Veist þú hversu mikla prósentu af laununum þínum þú greiðir í viðbótarlífeyrissparnað?
 Já 4%
 Já 2%
 Nei
 Veit ekki
 Ég greiði ekki í viðbótarlífeyrissjóð
 Vil ekki svara
8. Þekkir þú til sjóða sem sparnaðarleidd?
 Já
 Já, takmarkað
 Nei
 Vil ekki svara
9. Hver er hjúskaparstaða þín?
 Einhleyp/ur
 Í sambúð (skráðri eða óskráðri)
 Í hjónabandi
 Annað
 Vil ekki svara

(Ef þátttakandi er ekki einhleypur eru þeir fyrst sendir í spurningu 10 og svo áfram í 11, annars er þátttakandi sendur beint í spurningu 11)

10. Hverjar eru samanlagðar tekjur heimilisins, fyrir skatt?
 Undir 100.000kr.
 100.000kr. - 200.000kr.
 200.001kr. - 350.000kr.
 350.001kr - 550.000kr.
 550.001kr - 700.000kr.
 700.001kr - 900.000kr.
 Yfir 901.000kr.
11. Hversu há eru launin þín á mánuði á meðaltali fyrir skatt?
 Undir 100.000kr.
 100.000kr. - 200.000kr.
 200.001kr. - 350.000kr.
 350.001kr - 550.000kr.
 550.001kr - 700.000kr.
 700.001kr - 900.000kr.
 Yfir 901.000kr.
12. Sparar þú reglulega?
 Já, í upphafi hvers mánaðar
 Já, í lok hvers mánaðar
 Já, en ekki í hverjum mánuði
 Nei
 Vil ekki svara
13. Hversu stóran eða lítinn hluta af tekjunum þínum leggur þú í sparnað mánaðarlega á meðaltali?
 Ekkert
 Minna en 10%
 10% - 20%
 21% - 40%
 Meira en 40%
 Vil ekki svara

Fjárhagslega velgengni

14. Þegar það kemur að mánaðarlegum tekjunum þínum, telur þú þig ná endum saman í lok mánaðarins?
 Alltaf
 Fremur oft
 Í meðallagi
 Fremur sjaldan
 Aldrei
15. Þegar þú ferð að versla í matinn upplifir þú áhyggjur þegar það kemur að því að borga fyrir þessar vörur?
 Alltaf
 Fremur oft
 Í meðallagi
 Fremur sjaldan
 Aldrei

16. Getur þú leyft þér að fara út að borða allavega einu sinni í viku, án þess að spá í því hvort þú lendir í fjárhagslegum erfiðleikum vegna þess?

- Alltaf
- Fremur oft
- Í meðallagi
- Fremur sjaldan
- Aldrei

17. Upplifir þú fjárhagslegt öryggi í þínu lífi?

- Alltaf
- Fremur oft
- Í meðallagi
- Fremur sjaldan
- Aldrei

18. Hefur upplifun þín af fjárhagslegu öryggi þínu breyst síðastliðin 12 mánuði?

- Já, ég upplifi meira öryggi
- Já, ég upplifi minna öryggi
- Nei, ég upplifi hvorki meira né minna öryggi
- Vil ekki svara

19. Hvað lýsir best búsetu þinni?

- Á leigumarkaði
- Í eigin húsnæði
- Í foreldrahúsi
- Annað

(Ef þátttakandi á eigin íbúð er hann sendur í spurningu 20, aðrir fara beint í spurningu 21.)

20. Greiðir þú af húsnæðisláni?

- Já, verðtryggt
- Já, óverðtryggt
- Já, blandað
- Nei

Ástæður fyrir sparnaði

21. Hverjar eru helstu ástæður fyrir því að þú sparar? (Vinsamlega hakið við allt sem á við)

- Ég spara ekki
- Fyrir öryggi í framtíðinni/fyrir elliárin
- Fyrir örugga framtíð hjá börnum
- Geta mætt óvæntum útgjöldum
- Fyrir húsnæði
- Fyrir bíl
- Fyrir ferðalög
- Fyrir aðra efnislega hluti
- Annað, hvað? _____

Bakgrunnsspurningar

22. Hver er hæsta prófgráða sem þú hefur lokið?
- Grunnskólapróf eða sambærilegt
 - Stúdentspróf eða sambærilegt
 - Grunnám úr háskóla (t.d. BSc-, BA- eða BEd)
 - Meistarapróf úr háskóla (t.d. MSc-, MA- eða MEd)
 - Doktorspróf (PHD)
 - Annað nám
 - Á ekki við

(Ef þátttakandi hefur lokið háskólanámi (bachelorgráðu eða hærra) eru þeir sjálfkrafa sendir í spurningu 23. Aðrir fara beint í spurningu 24.)

23. Á hvaða fræðasviði er prófgráða þín?
- Félagsvísindasviði
 - Heilbrigðisvísindasviði
 - Hugvísindasviði
 - Menntavísindasviði
 - Verkfræði- og náttúruvísindasviði
 - Á öðru fræðasviði

24. Hver er kyn þitt?
- Karl
 - Kona
 - Kynsegin
 - Annað

25. Hver er aldur þinn?
- Undri 18 ára
 - 19 - 25 ára
 - 26 - 35 ára
 - 36 - 45 ára
 - 46 - 60 ára
 - 61 - 75 ára
 - Eldri en 75 ára

Viðauki B: Niðurstöður SPSS

T-próf 1

Group Statistics					
	Hver er aldur þinn?	N	Mean	Std. Deviation	Std. Error Mean
Þekking á sparnaðarleiðum	19 - 25 ára	84	3.481	.6616	.0722
	61 - 75 ára	36	3.922	.4998	.0833

Independent Samples Test											
		Levene's Test for Equality of Variances		t-test for Equality of Means						95% Confidence Interval of the Difference	
		F	Sig.	t	df	Significance One-Sided p	Two-Sided p	Mean Difference	Std. Error Difference	Lower	Upper
Þekking á sparnaðarleiðum	Equal variances assumed	6.590	.012	-3.584	118	<.001	<.001	-.4413	.1231	-.6851	-.1975
	Equal variances not assumed			-4.003	86.693	<.001	<.001	-.4413	.1102	-.6604	-.2222

T-próf 2

T-Test

Group Statistics					
	Hver er hæsta prófgráða sem þú hefur lokið?	N	Mean	Std. Deviation	Std. Error Mean
Þekking á sparnaðarleiðum	Grunnskólapróf eða sambærilegt	26	3.208	.6462	.1267
	Meistarapróf úr háskóla (t.d. MSc-, MA- eða MEd)	89	3.917	.5876	.0623

Independent Samples Test											
		Levene's Test for Equality of Variances		t-test for Equality of Means						95% Confidence Interval of the Difference	
		F	Sig.	t	df	Significance One-Sided p	Two-Sided p	Mean Difference	Std. Error Difference	Lower	Upper
Þekking á sparnaðarleiðum	Equal variances assumed	.000	.988	-5.293	113	<.001	<.001	-.7092	.1340	-.9746	-.4437
	Equal variances not assumed			-5.022	37.909	<.001	<.001	-.7092	.1412	-.9950	-.4233

T-próf 3

Group Statistics					
	Hver er hjúskaparstaða þin?	N	Mean	Std. Deviation	Std. Error Mean
Sparar þú reglulega?	Einhleyp/ur	86	2.9419	1.10990	.11968
	Í hjónabandi	128	2.6641	1.24406	.10996

Independent Samples Test											
		Levene's Test for Equality of Variances		t-test for Equality of Means						95% Confidence Interval of the Difference	
		F	Sig.	t	df	Significance One-Sided p	Two-Sided p	Mean Difference	Std. Error Difference	Lower	Upper
Sparar þú reglulega?	Equal variances assumed	5.352	.022	1.671	212	.048	.096	.27780	.16621	-.0498	.60543
	Equal variances not assumed			1.709	195.73	.044	.089	.27780	.16253	-.0427	.59833

Einhliða dreifgreining

ANOVA

Fjárhagslegt velgengi

	Sum of Squares	df	Mean Square	F	Sig.
Between Groups	72.395	16	4.525	7.227	<.001
Within Groups	193.450	309	.626		
Total	265.845	325			

T-próf 4

Group Statistics

Hver er hjúskaparstaða þín?		N	Mean	Std. Deviation	Std. Error Mean
Fjárhagslegt velgengi	Einhleyp/ur	86	3.7762	.92038	.09925
	Í sambúð (skráðri eða óskráðri)	93	3.9839	.79383	.08232

Independent Samples Test

Levene's Test for Equality of Variances		t-test for Equality of Means									
		F	Sig.	t	df	Significance One-Sided p	Significance Two-Sided p	Mean Difference	Std. Error Difference	95% Confidence Interval of the Difference	
										Lower	Upper
Fjárhagslegt velgengi	Equal variances assumed	5.027	.026	-1.620	177	.053	.107	-.20771	.12820	-.46070	.04529
	Equal variances not assumed			-1.611	168.499	.055	.109	-.20771	.12894	-.46226	.04684

T-próf 5

Group Statistics

Hver er hjúskaparstaða þín?		N	Mean	Std. Deviation	Std. Error Mean
Upplifir þú fjárhagslegt öryggi í þínu lífi?	Einhleyp/ur	86	3.6047	1.21053	.13054
	Í sambúð (skráðri eða óskráðri)	92	3.9783	.96052	.10014

Independent Samples Test

Levene's Test for Equality of ...		t-test for Equality of Means									
		F	Sig.	t	df	Significance One-Sided p	Significance Two-Sided p	Mean Difference	Std. Error Difference	99% Confidence Interval of the ...	
										Lower	Upper
Upplifir þú fjárhagslegt öryggi í þínu lífi?	Equal variances assumed	16.163	<.001	-2.288	176	.012	.023	-.37361	.16326	-.79875	.05153
	Equal variances not assumed			-2.271	162.060	.012	.024	-.37361	.16452	-.80244	.05522